



www.flugfelag.is

Alltaf ódýrast á flugfelag.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. mars 2006 – 78. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Hver er næsta vonarstjarnan?

Músiktilraunir hefjast í kvöld en sigurvegarar keppinnar hafa verið áberandi í tónlistarlífi Íslendinga síðustu ár.

FÓLK 32



Fari þeir sem fara vilja

Nú súpum við seyðið af því að hafa ekki um árabíl haft flokka við völd með raunhæfa og ábyrga stefnu í öryggis- og varnarmálum segir Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 16

Leiðist peningahygga

Guðrún Ásmundsdóttir leikkona er komin í pólitíkina.

TILVERAN 14




Áfram Skagamenn

Gunnlaugur Jónsson, fyrrverandi fyrirliði ÍA og núverandi fyrirliði KR, ruglaðist örlítið í ríminu er hann spilaði gegn ÍA í fyrsta sinn á ferlinum um helgina. Fyrirliði Vesturbæinga missti sig aðeins og hvatti sína gömlu félagi óvart áfram.

ÍPRÓTTIR 28



VEÐRIÐ Í DAG



KÓLNANDI - Í dag verður norðan og norðaustanátt á landinu. Stöku él verða á norðan og austanverðu landinu. Lítilsháttar slydda á við og dreif.

VEÐUR 4



RÆTT UM ATVINNUÁSTANDIÐ Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Geir H. Haarde búa sig undir fund með sveitarstjórnarmönnum í Reykjanessbæ. Árni Sigfússon bæjarstjóri hefur lagt fram viðtækar tillögur um málið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framtíð varnarmála skýrist á fundi í dag

Forsætisráðherra og utanríkisráðherra funduðu í gær með sveitarstjórnarmönnum á Reykjanesi um framtíðarhorfur í atvinnumálum. Bandaríkjaforseti og framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins ræða varnir Íslands í dag.

VARNARMÁL Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segir að framhald varnarsamningsins skýrist í dag þegar Jaap de Hoop Schaeffer, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, ræði við George Bush Bandaríkjaforseta um málið. Geir Haarde utanríkisráðherra sagðist vongóður um að viðræður Íslendinga við Bandaríkjamann um framhaldið gætu hafist innan tíu daga.

Eftir fund sem ráðherrarnir tveir sátu ásamt bæjarstjórnarmönnum frá Reykjanessbæ og Sandgerði sagðist Halldór ekki telja að íslensk yfirvöld hefðu hlotið álits-hnekki á alþjóðavettvangi eftir framkomu bandarískra yfirvalda í

garð þeirra. Hann sagði hins vegar: „Þetta er ekkert nýtt hjá Bandaríkjunum. Þeir eru stórveldi og hafa oft komið fram með slíkum hætti, ekki einungis gagnvart okkur. En það hefur vissulega skapast vantraust og nú er aðeins að sjá hvort hægt sé að skapa traust á nýjan leik.“

Á fundi með ráðherrunum lagði Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanessbæ, fram tillögu um aðgerðir vegna brotthvarfs nær alls Varnarliðsins. Var ákveðið að stofnuð yrði sjö manna nefnd til að fara yfir tillögurnar. Þær eru þrjú þættar og fjalla fyrst um aðstoð við þá starfsmenn sem missa munu vinnuna við brotthvarfið. Þar er

lagt til að elstu starfsmenn fái starfslokasamning en aðrir aðstoð við að finna nýtt starf. Því næst verður rætt um eflingu varna á Keflavíkurflugvelli en þar er meðal annars lagt til að Landhelgisgæslan flytji starfsemi sína að hluta eða í heild til Suðurnesja. Að síðustu eru reifuð þau tækifæri sem Suðurnes bjóði upp á.

Spurður hvernig honum lístist á þá tillögu sem varðar Landhelgisgæsluna segir Halldór: „Ég vil ekkert útiloka í þessu sambandi. Landhelgisgæslan er nýlega flutt í nýja stjórnstöð og ég á von á því að sú stjórnstöð muni starfa áfram en það er margt annað sem þarf að skoða.“

-jse / sjá síðu 6



ALVARLEGA SLASAÐUR Ökumaður var klipptur út úr bifreið sinni og er alvarlega slasaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Slys á Kringlumýrarbraut: Grunur leikur á hraðakstri

SLYS Alvarlegt umferðarslys varð á Kringlumýrarbraut um miðjan dag í gær þegar ökumaður fólksbifreiðar sem ekið var í norður missti stjórn á bílnum við göngubrú við Fossvog. Bíllinn lenti af miklu afli á brúarstólpanum og valt. Tveir menn um títugt voru í bifreiðinni. Ökumaðurinn var fluttur alvarlega slasaður á sjúkrahús en farþeginn slapp með minniháttar meiðsl. Klippa þurfti ökumanninn úr bílnum en hann hlaut brjóstholsaverka og tveir hryggjarliðir brotnuðu. Hann er þó ekki í lífshættu.

Grunur leikur á að bifreiðinni hafi verið ekið of greitt og óskar lögreglan eftir vitnum því til staðfestingar.

-sgj

Slæm staða samkynhneigðra: Fordómar í íþróttalífinu

ÍPRÓTTIR Í erindi sem Klara Bjartmarz hélt á dögnum kom fram slæm staða samkynhneigðra í íslensku íþróttalífi. Lesbíum gengur þó betur að fóta sig í íslensku íþróttalífi en hommum en ekki einn yfirlýstur hommi stundar keppnis-íþróttir á Íslandi svo vitað sé.

Klara segir meiri fordóma gagnvart hommum en lesbíum í samfélaginu og auglýsir eftir upplýstri umræðu um stöðu samkynhneigðra í íslensku íþróttalífi en sú umræða er engin í dag. Hún segir ekki vanþörf vera á að fræða þjóðfélagið um stöðu samkynhneigðra. Hún vonast einnig til að ÍSÍ beiti sér í málinu.

- hbg / sjá síðu 28

Landbúnaðarráðuneytið fær skömm í hattinn frá Umboðsmanni Alþingis:

Fór hvorki að lögum né reglum

STJÓRNSÝSLA Umboðsmaður Alþingis beinir því til Guðna Ágústssonar landbúnaðarráðherra að ráðuneyti hans taki að nýju upp mál eigenda tveggja jarða í Borgarfirðinum óski þeir þess.

Ráðuneytið tók tvö ár áður en það leyfði landeigendum að reisa tólf metra háan varnargarð við Hvítá. Eigendurnir vildu reisa þrjátíu metra háan garð, en hann var að hluta inni á landareign þess þriðja, sem þurfti að þola lögnám á landi sínu og umferð um það á meðan garðurinn var byggður. Ráðuneytið kannaði ekki hvort fleiri en eigendurnir tveir ættu landið þar sem varnargarðurinn átti að rísa.

Umboðsmaður segir seinanganginn við afgreiðslu málsins hafa



GUÐNI ÁGÚSTSSON Umboðsmaður Alþingis segir tilefni til þess að vekja sérstaka athygli ráðherrans á því hve illa hafi tekist til um stjórnsýslu við afgreiðslu máls í ráðuneytinu.

leitt til þess að lög sem ráðuneytið studdist við voru úrelt. Hann segir að landbúnaðarráðuneytinu beri því að leita leiða til að rétta hlut landeigandanna.

„Umboðsmaður taldi tilefni til þess að vekja sérstaka athygli


landbúnaðarráðherra á því hversu illa hefði tekist til um stjórnsýslu í ráðuneyti hans við afgreiðslu málsins.“ Hvorki hafi verið stuðst við viðeigandi lagagreinar né gætt að lögmætri verkaskiptingu milli stjórnvalda.

-gag

Flugfrakt og sjófrakt

ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-

591 3000



1+7=1

ÍSLANDBANKI OG 7
DÓTTURFYRIRTÆKI
OG STARFSSTÖÐVAR
SAMEINAST UNDIR
EINU NAFNI

GLITNIR



SPURNING DAGSINS

Próstur, er ekki næsta skrefið útrás?

„Jú, næsta skrefið í útrás okkar er að kenna Norðurlandabúum hvernig þeir geti grætt á félagslegu húsnæði.“

Próstur Ólafsson er formaður Félagsbústaða, sem reka félagslegt leiguhúsnæði. Það skilaði methagnaði og græddi 4,6 milljarða á síðasta ári.

Fyrirverandi forsætisráðherra Íraks opinskár í bresku útvarpsviðtali:

Borgarastyrjöld geisar í Írak

ÍRAK, AP Írak er nú í miðri borgarastyrjöld, að sögn fyrirverandi forsætisráðherra Íraks. Ayad Allawi lét þessi orð falla í viðtali við breska ríkisútvarpið, BBC, í gær.

Talsmenn Bandaríkja- og Bretlandsstjórna hafa ítrekað neitað því að borgarastyrjöld geisi í landinu, en Allawi sagði „borgarastyrjöld“ vera eina orðið sem hægt væri að nota yfir ofbeldisölduna sem sífellt færir á aukana þar í landi.

„Á hverjum degi farast fimmtíu til sextíu manns víða í landinu, ef ekki fleiri. Ef þetta er ekki borgarastyrjöld, þá veit Guð einn hvað borgarastyrjöld er,“ sagði Allawi.

Ofbeldisaldan sem nú gengur yfir landið á upptök sín í sprengjum sem eyðilögðu einn helgasta stað sjíamúsliða, Gullnu moskuna í Samarra, hinn 22. febrúar. Þótt stjórnmalaskýrendur hafi ítrekað sagt ofbeldið sem fylgdi í kjölfarið geta markað upphaf borgarastyrjaldar hafa talsmenn Bandaríkjahers harðlega neitað þeim stimpli.

Óeirðirnar hafa heldur ekki auðveldað mótun nýs þings, sem sat fyrst á fimmtudag. Fulltrúar allra stjórnmálaflokka og trúarbragða hittust á fundi í Írak í gær, þar sem framtíð stjórnarinnar var rædd.

- smk



BORGARSTYRJÖLD? Almennir borgarar slökkva eld í húsi sem í kviknaði við árás ónefndra byssumanna í Ramadi-borg í Írak í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Líkamsárás á Laugavegi:

Handteknir eftir líkamsárás

LÖGREGLA Tveir ungir menn voru handteknir í miðbæ Reykjavíkur í gærmorgun eftir líkamsárás.

Lögreglunni var tilkynnt um stýpningar milli nokkurra manna ofarlega á Laugaveginum klukkan sjö í gærmorgun. Þar höfðu tveir ungir menn ráðist að þeim þriðja. Þegar lögreglu bar að garði voru árásmennirnir handteknir og færðir í fangageymslur. Voru þeir báðir töluvert ólvaðir og urðu að sofa úr sér vímunu áður en yfirheyrslur gætu hafist. Fórnarlambið var flutt á slysadeild með nokkra áverka á bók og andliti en hann hafði ítrekað fengið í sig högg og spörk.

- sgi



SERGEI LAVROV Utanríkisráðherra Rússlands er bjartsýnn eftir viðræður við fulltrúa Hamas.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Utanríkisráðherra Rússlands:

Segir Hamas fallast á kröfur

MOSKVA, AP Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, sagði í blaðaviðtali í síðustu viku að hann teldi að palestínsku samtökin Hamas myndu innan tíðar viðurkenna Ísraelsríki og fallast á aðrar kröfur, til dæmis um alþjóðlegt eftirlit með hjálparstarfi og að viðurkenna Mahmoud Abbas sem forseta Palestínumanna.

„Ég tel að við munum sjá einhver skref í þessa átt á næstu tveimur vikum,“ sagði Lavrov, sem nýverið ræddi í Moskvu við sendinefnd frá Hamas. Jafnframt varaði Lavrov við því að reynt yrði að einangra Hamas á alþjóðavettvangi.

- gb

Fuglaflensa í Danmörku:

Veikin komin til að vera

DANMÖRK Sérfræðingar í Danmörku telja víst að fleiri tilfelli af fuglaflensu muni finnast á næstunni. Þeir óttast einnig að það muni taka mörg ár að úthýsa henni, enda hafi hún verið í Suðaustur-Asíu í meira en þrjú ár.

Á föstudag fundust níu sýktar endur á eyjunni Ærø sem liggur skammt frá Fjóni en fyrsta tilfellið uppgötvaðist á Sjálandi fyrr í vikunni. Samkvæmt frétt Berlingske Tidende í gær er talið að flensan muni aðallega halda sig við strendur landsins.

- ks

Jón Baldvin kominn í utanríkismálin

Samfylkingin er þreytt á aðgerðarleysi stjórnvalda. Formaður flokksins hefur falið Jóni Baldvin Hannibalssyni að leiða vinnu þverpólitíks vinnuhóps sem hefur það hlutverk að móta tillögur um nýja öryggis- og varnarstefnu Íslands.

VARNARMÁL Samfylkingin telur brot Bandaríkjamanna á varnarsamningnum marka tímamót í öryggis- og varnarmálum sem feli í sér ákveðið tækifæri til að móta sjálfstæða stefnu í þeim málum. Þetta var meðal efnis sem fram kom á blaðamannafundi sem Samfylkingin boðaði til í gær.

Ingbjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingar, sagði að flokkurinn væri orðinn þreyttur á að bíða eftir því að ríkisstjórnin ætti frumkvæði að því að móta stefnu í öryggis- og varnarmálum sem tæki mið af þjóðarhagsmunum Íslendinga. „Við höfum því tekið ákvörðun um það sjálf að freista þess að setja þessa vinnu af stað og höfum fengið Jón Baldvin Hannibalsson til að leiða þessa vinnu auk þess sem við ætlum að fá til liðs við okkur fólk sem bæði hefur sérfræði- og pólitíska þekkingu í þessum málum,“ sagði Ingbjörg og lagði áherslu á að vinnan yrði þverpólitísk því nú væri lag að ná sátt um meginþætti í varnar- og öryggismálum.

Samfylkingin telur rétt að einblína ekki á varnarsamstarfið við Bandaríkin heldur meta jafnframt aðra kosti, til dæmis samstarf við aðrar bandalagsþjóðir innan Atlantshafsbandalagsins og samstarf við Norðurlönd.

Jón Baldvin Hannibalsson var utanríkisráðherra í sjö ár og sendiherra í átta. Hann hefur haldið því fram að samningaviðræður Íslands og Bandaríkjamanna séu sýndarviðræður sem hvorki hafi snúist um neitt eða leitt til neins. Þá hafi ákvörðun bandaríska varn-



Á BLADAMANNAFUNDI Samfylkingin vill að Íslendingar móti sjálfstæða stefnu í öryggis- og varnarmálum og kanni aðra kosti en varnarsamstarfið við Bandaríkin, til dæmis samstarf við aðrar bandalagsþjóðir innan Atlantshafsbandalagsins og samstarf við Norðurlönd.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

armálaráðuneytisins verið gömul en ekki ný og legið fyrir fyrir löngu. Hann telur að þrátt fyrir að hefðbundin hernaðarhótun sé ekki lengur fyrir hendi verði að finna varnir mót ýmsum öðrum hættum hér á landi líkt og hryðjuverkum, eiturlyfjum og glæpastarfsemi.

„Spurningarnar sem þarf að kanna til hlitar eru að hve miklu leyti við getum annast þetta sjálfir og að hve miklu leyti er eðlilegt að byggja á fjölþjóðlegu samstarfi við grannþjóðir, bæði innan Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins,“ segir Jón Baldvin, sem svarar því til að aðkoma hans að þessari vinnu marki „ekki endi-



MÓTAR TILLÖGUR UM ÖRYGGIS- OG VARNARSTEFNU Jón Baldvin samþykkti beiðni Ingbjargar Sólrúnar Gísladóttur að leiða vinnuhóp sem mótar tillögur um nýja öryggis- og varnarstefnu Íslands. Hann vildi ekki segja til um hvort þetta markaði endurkomu hans í stjórnmálum. Það yrði að koma í ljós og ráðast af eftirspurn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

lega“ endurkomu hans í pólitík. Hann segist ekki ætla að gefa neinar yfirlýsingar þess efnis hvort hann hyggi á að hasla sér völl innan íslenskra stjórnmála. „Það kemur bara í ljós og ræðst af eftirspurn,“ segir Jón Baldvin.

solveig@frettabladid.is



LESTARSTÖÐ RÝMD Sjúkraflutningamenn yfirgefa Voikovskaya-lestarstöðina í Moskvu skömmu eftir að hluti ganganna hrundi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Neðanjarðarlest í Moskvu:

Mannbjörg er göng hrundu

MOSKVA, AP Hluti ganga í neðanjarðarlestarkerfi Moskvuborgar í Rússlandi hrundi í gær ofan á lest í göngunum og upp kom eldur í lestinni. Þótti mikil mildi að engin meiðsl urðu á fólk. Göngin og lestin voru þegar í stað rýmd, og lágu lestarsamgöngur niðri um hríð.

Yfirmaður neðanjarðarlestar Moskvu sagði verkamenn hafa valdið slysinu, en þeir voru að setja upp stórt auglýsingaskilti á götu ofan við göngin, og skemmdu óvart við það burðarstólpa sem halda eiga þaki ganganna uppi.

Vonast var til þess að lestarsamgöngur um göngin yrðu komnar í samt lag í dag.

- smk

Hagstofa Íslands:

Mikil fólksfjölgun í fyrra

MANNFJÖLDI Árið 2005 fjölgaði íbúum hér á landi meira en mörg undanfarin ár. Fólksfjölgun var 2,2 prósent á árinu og hefur íbúum ekki fjölgað jafnmikið hér á landi frá því fyrir 1960.

Þessi mikla fjölgun er öðru fremur rakin til mikils aðstreymis fólks frá útlöndum, til dæmis vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi. Mikil fólksfjölgun hér á landi frá lokum seinni heimsstyrjaldar til ársins 1970 er aftur á móti rakin til mikils fjölda fæðinga og bættra lífslíkna.

- shá

Forseti á afmælishátíð Félags eldri borgara:

Lífskjör aldraðra í forgang

RÆÐA Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sagði í hátíðaræðu sem hann hélt á afmælishátíð Félags eldri borgara á Hótel Sögu í gær að þjóðin stæði í mikilli þakkarskuld við kynslóð hinna eldri. Þá væri auðlegð Íslendinga og árangur í viðskiptum og útrás afrakstur ævistarfs fyrri kynslóða.

Félag eldri borgara er tuttugu ára í ár og var hátíðarsamkoman á sunnudag lokapunktur veglegrar afmælishátíðar sem staðið hefur undanfarið.

„Auðlegð Íslendinga er vissulega orðin mikil, ærin við upphaf nýrrar aldrar, en samt skortir nokkuð á að náðst hafi samstaða um að setja lífskjör aldraðra efst á forgangslistann, samstaða um að sýna í verki þakklæti til kynslóðarinnar sem kom Íslandi í

slíka afbragðsstöðu,“ sagði Ólafur meðal annars í ræðu sinni og vonaði að Íslendingar bæru gæfu til að skapa öldruðum áhyggjulaust ævikvöld. „Hér þurfa allir að leggjast á árar. Alþingi og sveitarstjórnir, hagsmunasamtök og atvinnulíf, sameinast um að finna laust á brýnum vanda og skilja engan útundan í þessum efnun,“ sagði forsetinn og taldi að það ætti að vera létt verk að greiða þakkarskuld við eldri kynslóðina ef mið væri tekið af auðlegðinni sem við njótum.

- sgi

ÞAKKAR ELDRI BORGURUM Ólafur Ragnar sagði þjóðina standa í mikilli þakkarskuld við kynslóð hinna eldri.



Sjálfskipt og allt allt öðruvísi



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



1.790.000,-

Sjálfskipt, 1,8 l. vél og hlaðin aukabúnaði

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 ih.is

Ekki bara spari að spara!


Verðbréfasjóðir eru alltaf að verða stærri partur af sparnaði okkar Íslendinga. Með því að fjárfesta í verðbréfasjóðum er dregið úr áhættunni sem fylgir kaupum á einstökum bréfum.

Sérfræðingar í Eignastýringu SPRON Verðbréfa hafa sett saman þrjú fjárfestingarsöfn með mismunandi markmið um ávöxtun og áhættu. Leiðirnar endurspeglar verðbréfasjóði SPRON Verðbréfa. Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift. Í boði eru þrjú sparisöfn:

Örugga safnið

Áherslan er á stöðuga ávöxtun og lágmarkssveiflur. Hentar vel fyrir þá sem vilja taka litla áhættu. Áherslan er á innlenda og erlenda skuldabréfasjóði eða 75% á móti 25% fjárfestingu í hlutabréfasjóðum.


23% ávöxtun.



Hefðbundna safnið

Áherslan í Hefðbundna safninu er að ná góðri ávöxtun og áhersla lögð á áhættudreifingu. Fjárfest er 50% í innlendum og erlendum skuldabréfasjóðum ásamt 50% í innlendum og erlendum hlutabréfasjóðum. Áhættan í þessari leið er í meðallagi. Ákjósanleg leið fyrir þá sem vilja vera varkárir en vænta jafnframt góðrar ávöxtunar.


36% ávöxtun.



Ávöxtunarsafnið

Áherslan í Ávöxtunarsafninu er að fjárfesta að miklum meirihluta í innlendum og erlendum hlutabréfasjóðum eða 75% á móti 25% í innlendum og erlendum skuldabréfasjóðum. Markmiðið er að ná góðri áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum. Í þessu safni eru meiri sveiflur og áhætta og hærri væntingar um ávöxtun til lengri tíma.

49% ávöxtun.



Sjóðastýring: Miðað er við 5 milljóna kr. lágmark í sjóðastýringu SPRON Verðbréfa. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni. Kaup í ofangreindum söfnum sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.

Allar ávöxtunartölur eru miðaðar við 01.08.2005–15.03.2006 á ársgrundvelli. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur hækkað jafnt sem lækkað.



Netbankinn býður viðskiptavinum sínum verðbréfaþjónustu og ráðgjöf í samstarfi við SPRON Verðbréf. Þú sækir um rafrænt á www.nb.is.



GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 17.3.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	68,32	68,64
Sterlingspund	119,92	120,5
Evra	83,17	83,63
Dönsk króna	11,144	11,21
Norsk króna	10,418	10,48
Sænsk króna	8,9	8,952
Japanskt jen	0,5866	0,59

SDR 98,86 99,44

Gengisvísitala krónunnar

116,1034

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Félagsbústaðir leita til dómstóla vegna vangoldinnar húsaleigu:

Vilja fá heimild til útburðar

DÓMSMÁL Félagsbústaðir hf. leita nú eftir útburðarheimild á hendur fimm einstaklingum hjá dómstólum. Mál á hendur fólkinu hefur verið tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Áð sögn Ásgeirs Jónssonar, lögmanns Félagsbústaða hf., er um að ræða vanskil á húsaleigu. Langt ferli er á undan gengið áður en mál af þessu tagi koma til kasta dómstóla.

Félagsbústaðir eru búnir að reyna að innheimta ógreidda leigu hjá leigutökum. Því næst eru innheimtustofu sendar kröfur, sem sendir fólkinu bréf, sem fylgt er eftir með símtölum.

Beri það ekki árangur, er send greiðsluáskorun og leigusamningi síðan rift. Ef það er einnig árangurslaust er leitað til Héraðsdóms eftir heimild til útburðar.

„Fólkið getur gripið inn í á öllum stigum þessa ferlis og samið um sín mál. Það gera langflestir,“ segir Ásgeir. Hann segir vanskilaupphæðirnar mjög misháar.

„Öllum er bent á að athuga með rétt sinn hjá félagsmálayfirvöldum, þegar greiðsluáskorun er send. Langflestir semja, þannig að þeir bjarga sér áður en til útburðarferlisins kemur.“ - jss



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR

Sprenghúótun í Belgíu:

Hélt barni sínu í gíslingu

BELGÍA, AP Um tuttugu klukkustunda mannrán í Brussel í Belgíu fékk farsælan endi á sunnudag.

Gestur á hóteli í miðborg Brussels tilkynnti yfirvöldum að hann héldi tveggja ára dóttur sinni í haldi og hótaði að sprengja sig, hana og hótelið í loft upp fengi barnið ekki læknishjálpi, en hún er hjartveik. Hótelið og byggingar í nágrenni þess voru þegar í stað rýmd, og þegar umsátrinu loks lauk fann lögregla hvorki vopn né sprengiefni í hótélherberginu. Jafnframt virtist telpan vera við bestu heilsu. Ekki var ljóst hvaðan maðurinn var, en móðir barnsins býr í Póllandi. - smk

Reiðhallarsýning á Blönduósi:

Ung stúlka slasaðist

SLYS Á annað þúsund gestum og sýndum á reiðhallarsýningu á Blönduósi brá heldur í brún þegar slys varð á sýningunni á laugardag.

Voru tveir hestar að ríða samhliða út um hurð á reiðhöllinni þegar annar hesturinn þröngvaði hinum til hliðar með þeim afleiðingum að reiðmaður þess hests, ung stúlka, kramdist milli hests og hurðar. Stúlkan var flutt burt á sjúkrahúsi en betur fór en á horfði og virðist hún óbrotin. - sgi



FUGLUM FARGAÐ Stjórnlönd og bændur víða um heim farga nú alifuglum í stórum stíl. Hér sjást fuglshræ urðuð í Ísrael.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fuglaflensa:

Egyptsk kona látin úr flensu

FUGLAFLENSA, AP Bráðabirgðaniðurstöður Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO, sýna að banamein konu sem lést í Egyptalandi í síðustu viku var fuglaflensuveiran H5N1. Konan er þá 98. fórnarlamb veirunnar, samkvæmt tölum WHO. Jafnframt er annar maður sagður hafa veikst af flensunni þar í landi, en hann náði sér.

Flensan heldur áfram að dreifa úr sér um Norðurlöndin. Svíar tilkynntu á föstudag að þeir myndu farga um 500 stökköndum og 150 fasönum á villibráðarbugarði sunnarlega í landinu. Ákvörðunin var tekin í kjölfar þess að fuglshræ fannst á bænum. - smk



ALEXANDER LÚKA-SJENKÓ Forseti Hvíta-Rússlands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hvít-Rússar mótmæla

Þúsundir Hvít-Rússa söfnuðust saman á aðaltorgi Minsk í gær eftir að kjörstöðum var lokað. Forsetakosningar voru í landinu í gær. Fólk mótmælti óbirtum úrslitum og veifaði bannfærðum fána landsins.

HVÍTA-RÚSSLAND, AP Helsti andstæðingur forseta Hvíta-Rússlands tilkynnti skömmu eftir að forsetakosningar hófust þar í landi í gær að hann myndi ekki sætta sig við niðurstöður þeirra og fór fram á að kosningarnar yrðu endurteknar. Alexander Milinkevitsj lýsti þessu yfir eftir að umsjónarmenn tveggja kjörstaða sögðu tveimur tímum eftir að kosningar hófust að forsetinn, Alexander Lúkasjenkó, hefði hlotið umáttatíu prósent þeirra atkvæða sem búið var að telja. Lúkasjenkó hefur verið forseti landsins í tvö kjörtímabil, tólf ár.

Milinkevitsj og aðrir mótframbjóðendur hafa ítrekað sagst fullvissir um að stuðningsmenn Lúkasjenkós muni eiga við kosningaúrslitin, og sagði Milinkevitsj þessar tölur sanna það. „Þessar

kosningar verða hvorki viðurkenndar af okkur né af lýðræðislegum löndum,“ sagði Milinkevitsj á fréttamannafundi eftir að hann hafði komið. „Fólk mun hlæja að þessum niðurstöðum. Í Póllandi tók fólk að hlæja að kommúnistastjórninni, og þá vann Samstaða. Ég yrði ekkert hissa þótt sumir leyfðu sér að segjast hafa náð 120 prósentum [atkvæða].“

Þótt hvítarússnesk yfirvöld hafi hótad ofbeldi kæmi til fjöldafunda eftir lokun kjörstaða í gærkvöldi hvatti Milinkevitsj fólk til að mæta blómum skrytt á friðsamleg götumótum. Þúsundir manna söfnuðust svo saman á aðaltorginu í Minsk, hrópuðu nafn Milinkevitsj, blésu í lúðra og veifuðu fána landsins sem Lúkasjenkó hefur bannað. Óeirðalögregla stóð vörð og ekki hafði

komid til neinna átaka þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld.

Götumótum í kjölfar vafasamra kosninga urðu til þess að leiðtogar stjórnarandstöðunnar náðu völdum í Úkraínu, Georgíu og Kirgisistan, en hótanir yfirvalda um harðar aðgerðir gegn mótmælendum komu í veg fyrir sams konar götufundi í Aserbaídsjan og Kasakstan á síðasta ári. Jafnframt fórust hundruð manna í blóðugum átökum stjórnvalda við stjórnarandstæðinga í Úsbekistan.

Vestræn ríki hafa kallað Lúkasjenkó síðasta einræðisherra Evrópu, en þó á hann enn miklum vinsældum að fagna í heimalandi sínu og telja margir hann hafa komið jafnvægi á í landinu eftir fall Sovétríkjanna árið 1991.

MÓTMÆLI Alexander Milinkevitsj, helsti andstæðingur Lúkasjenkós, á mótmælafundi í Minsk í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lúkasjenkó virtist ekki hafa miklar áhyggjur af ásökunum Milinkevitsj eða erlendra ríkja, og sagði að það sem mestu skipti væri að kosningarnar færu fram eftir hvítarússneskum lögum.

smk@frettabladid.is

www.expressferdir.is

LEIKHÚSFERÐ TIL LONDON

20.-23. APRÍL

Borgarleikhúsið og Express Ferðir hafa í samvinnu sett saman mjög spennandi leikhúsfarð til London.

Farið verður á söngleikinn The Producers og leikritið Who's afraid of Virginia Woolf? með Kathleen Turner í aðalhlutverk. Gist á Thistle Kensington Hotel sem er fjögurra stjörnu hótél, rétt við Kensington Park. Boðið upp á gönguferð, skoðunarferð og sameiginlegan kvöldverð. Með í för verður Guðjón Petersen, leikhússtjóri.

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

EINSTÖK FERÐ, FRÁBÆRT VERÐ

39.900 kr.

INNIFALIÐ: Flug og flugvallaskattar,

hótél með morgunverði. Akstur til og frá flugvelli.

AÐEINS ÖRFÁ SÆTI LAUS!

BORGARLEIKHÚSIÐ

» Nánar á www.expressferdir.is

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express




Sigurður B. Ragnarsson, veðurfræðingur

KÖLNAR I VEDRI

Þá er sælan að baki í bíli. Nú fara kaldir dagar í hönd og það snöggkölnar víða á landinu og hitinn fer víða niður fyrir frostmark í dag. Þar sem úrkomu gæti verður hún í formi slyðu eða snjókomu, nema á Suðurlöndinu þar sem hitinn lafir enn yfir frostmarki. Næstu daga kölnar meira í veðri og þá einnig sunnanlands.

HÖFUDBORGIN Í DAG

Suðvestan 5-10 m s.á morgun, skúrir eða rigning.



Kaupmannahöfn	2°C alskýjað	Paris	13°C heiðskirt	Alicante	19°C heiðskirt
Oslo	0°C hálfskýjað	Berlin	5°C alskýjað	Milano	12°C léttskýjað
Stokkholmur	-3°C hálfskýjað	Frankfurt	9°C alskýjað	New York	6°C léttskýjað
Helsinki	-5°C alskýjað	Madrid	14°C heiðskirt	San Francisco	13°C rigning
London	9°C alskýjað	Barcelona	15°C heiðskirt	Orlando/Florida	31°C hálfskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Ný kynslóð salatbara

Sjáðu þetta

40 spennandi tegundir

Meðal annars:

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella salat
- Romain salat
- Kjötbollur í rabbabarasósu
- Kús kús tandoori
- Tortelini m/engifer
- Austurlenskar rækjur
- Spínat
- Alabama salat
- Ávaxtasalat í kókósskysósu
- Kryddfeti í olíu
- Sólpurkaðir tómatar
- Ætipistill

...og margt fleira



Með hverju keyptu salatboxi fylgir
0.5 ltr. sítrónu Kristall með í kaupbæti.*

*Tilboðið gildir til 31. mars


Holt & Gott

Fiskréttur dagsins



Kjöt & fisktorgið

Steinbítur
í sítrus og lime
Sett í eldfast mót og eldað í u.p.b.
20 mínútur við um 200°C eða eldað
á pönnu í um 20 mín.

TILBOÐ
989 kr/kg
Verð áður 1.449,-

Rúnar Gíslason
Matreiðslumeistari og sjónvarpskokkur
kokkarnir.is

Gildir 20. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Fylgstu með Formúlu 1 kappakstrinum?

Já 39%
Nei 61%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að reisa álver á Suðurnesjum?

Ungur maður greiðir nær 300 þúsund fyrir tvö hnefahögg:

Barði mann eftir árekstur

DÓMSMÁL Árás nítján ára pilts á fimmtugan mann, sem kom að árekstri leigubíls og bifreiðar sem hann var í, kostaði hann tæplega 300 þúsund krónur. Pilturinn var dæmdur fyrir líkamsárás. Hann greiddi þeim fimmtuga tvö hnefahögg í andlitið. Sá hlaut tveggja sentimetra skurð þversum fyrir neðan vinstra auga.

Lögreglan kom að árekstrinum og veitti því athygli að það blæddi úr þeim fimmtuga. Tjáði hann lögreglu að hann hefði verið að koma úr vinnu sinni og ætlað að fá leigubifreið. Hann hefði þá ekki vitað fyrr en pilturinn hefði slegið hann í andlitið. Í þeim töluðu orðum



ÚR MIÐBÆNUM UM NÓTT Ráðist var á mann sem kom úr vinnu sinni aðfaranótt sunnudags þegar hann skipti sér af árekstri einkabíls og leigubíls.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

gekk sá ungi að og sló hann í blóðugt andlitið fyrir framan lögregl-

una. Hann var strax handtekinn en var æstur og veitti töluverða mótspyrnu.

Pilturinn var fluttur á lögreglustöð þar sem hann skýrði háttsemi sína með því að sá fimmtugi hefði gefið honum tilefni til þess að lemja hann.

Ungi maðurinn hefur áður verið kærður fyrir árás og umferðarlagabrot, en þar sem ekki hafði verið dæmt í því máli þegar þetta atvikaðist í októberlok ákváðu dómarmar að lengja ekki þriggja ára skilorðsbundinn dóm hans heldur aðeins dæma hann til greiðslanna.

- gag

Borgarbókasafn Reykjavíkur:

Vanskil nema milljónum

VANSKIL Langtímavanskil á safnkosti Borgarbókasafnsins í Reykjavík nema allt að tuttugu milljónum króna og árlega þarf að afskrifa tíu þúsund eintök af bókum og diskum safnsins.

Nú skal skera upp herör gegn vanskilum og hefur safnið gert samning við innheimtufyrirtæki vegna þess, þar sem aðrar aðferðir hingað til hafa dugað skammt. Munu kröfur hér eftir verða sendar til innheimtu 3-4 mánuðum eftir að útlánstími rennur út en næstu daga býðst fólki þó að skila sektarlaust. Munu önnur bókasöfn á landinu einnig vera að skoða svipaða leið við innheimtu.

- aðe

Morð á Indlandi:

Grunað galdra-fólk afhöfðað

INDLAND Æstur múgur myrta fimm manna fjölskyldu í Assam í norðausturhluta Indlands um helgina, samkvæmt frétt breska ríkisútvarpsins, BBC.

Faðirinn var sakaður um að hafa sýkt samstarfsmenn sína á teplantekru af undarlegri veikni með þeim afleiðingum að tveir þeirra dóu. Um 200 reidur þorpsbúar handtóku föðurinn og fjögur börn hans, réttuðu óformlega yfir þeim og hjuggu af þeim höfuðin. Síðan gekk múgurinn með höfuðin til lögreglustöðvar þorpsins, þar sem sex voru handteknir í tengslum við morðin. Þungadri eiginkonu mannsins tókst að flýja með þrjú ung börn, að sögn lögreglu.

- smk

FRAKKLAND

Verkfall yfirvofandi Formaður eins stærsta verkalýðsfélags í Frakklandi hótaði almennu eins dags verkfalli, hætti franska ríkisstjórnin ekki við fyrirhugaða vinnulöggjöf í síðasta lagi í kvöld. Nýju lög hafa valdið miklum uppþotum í Frakklandi undanfarna daga og óttast ungt fólk mjög að þau muni auka á atvinnuleysi meðal þess, þó tilgangur þeirra sé að minnka það.

Mótmæli Til óeirða kom í París á laugardagskvöldið þegar um hálf milljón Frakka mótmælti fyrirhugaðri vinnulöggjöf. Að sögn lögreglu særðust 52 manns í óeirðunum og 167 voru handteknir.

26 fyrir dóm Tuttugu og sex manns mæta fyrir dóm í Frakklandi í dag, grunadur um aðild að herskáum íslömskum samtökum frá Tsjetsjeníu, sem talið er að hafi verið að skipuleggja árásir með efnavopnum á París. Fólkíð var handtekið árin 2002 og 2004. Hlína ákærðu getur beðið allt að tíu ára fangelsisdómur verði þeir fundnir sekir.



GEIR HAARDE OG ÁRNI SIGFÚSSON Á FUNDINUM Í GÆR Létt var yfir mönnum á fundinum í gær en þeir voru sammála um að gleyma sér ekki yfir vandkvæðunum sem fylgja brotthvarfi Varnarliðsins heldur líta einnig á tækifærin sem fyrir hendi eru. Var Árni með ófár uppástungur í þeim efnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gæslan og Útlendingastofnun flytji

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, hefur lagt fram þrjú þættar tillögur um aðgerðir í atvinnumálum á Suðurnesjum. Lagt er til að elstu starfsmenn Varnarliðsins fái starfslokasamning. Sjö manna nefnd verður skipuð.

ATVINNUMÁL Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, lagði fram þrjú þættar tillögur á fundi í gær í Ráðhúsi Reykjanesbæjar með Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra, Geir Haarde utanríkisráðherra og bæjarstjórnarmönnum frá Reykjanesbæ og Sandgerði.

Þar kemur fram að íslenskir starfsmenn Varnarliðsins eru 593 og er lagt til að þeir sem eru sextíu ára og eldri fái einhvers konar starfslokasamning en hinir verði aðstoðaðir við atvinnuleit. Í þeim tilgangi býðst bæjarstjórn Reykjanesbæjar til að fá fagfyrirtæki til að sinna ráðningamálum hvers og eins sem þess óskar.

Gagntillaga forsætisráðherra var að skipa sjö manna nefnd þar sem þrjú kæmu af Suðurnesjum til að fara yfir málin. Tóku bæjarstjórnarmenn því fegins hendi.

Lögð er fram sérstök framkvæmdaáætlun um nútímavæðingu varna á Keflavíkurflugvelli. Þar er meðal annars lagt til að starfsemi Landhelgisgæslunnar flytjist að hluta eða í heild til Suðurnesja. Eins er lagt til að Alþjóðadeild lögreglu verði flutt til Keflavíkurflugvallar sem og höfuðstöðvar Ratsjárstofnunar, þar verði opnuð miðstöð friðargæslu, Útlendingastofnun flutt til Keflavíkurflugvallar og þar

komandi upp miðstöð varna gegn sýklavopnum, efnavopnum og stórfaröldrum.

Einnig voru reifuð þau tækifæri sem byðust vegna þeirra kosta sem Suðurnes byggju yfir. „Þar nefnum við meðal annars það að hægt væri að koma upp hraðflutningamiðstöð á Keflavíkurflugvelli,“ sagði Árni Sigfússon að fundi loknum. „Svo er hugmynd okkar um að nýta risaflugskýlin okkar til að breyta farþegavélum í

farmvélar en til þess þarf þá aðstöðu sem einungis er til staðar hér. Meira að segja Flugleiðir hafa þurft að senda vélar úr landi til að breyta einu og öðru á sínum vélum.“

Hann segir að strangar reglur gildi um það hvernig Bandaríkjamenn verði að skilja við svæðið. Þannig verði þeir að rífa byggingar og skilja vel við umhverfið ef enginn vill nýta sér þær.

jse@frettabladid.is

Starfsmenn Varnarliðsins ætla að hefja undirskriftir:

Krefja Varnarliðið um biðlaun

Starfsmenn Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli hyggjast safna undirskriftum og krefja vinnuveitendur sína um biðlaun eftir starfslök. Rúmlega sex hundruð manns vinna hjá varnarliðinu auk 200 til 300 verktaka.

„Við eigum von á uppsagnarbrefum um mánaðamótin og þá förum við af stað með undirskriftirnar,“ segir Þorvaldur Kristleifsson, starfsmaður hjá Varnarliðinu.

„Við erum um 900 og ættum að geta látið í okkur heyra. Það er okkar skoðun að öll athyglin

hafi beinst að þessum þotum og þyrlum sem eru að fara en hvað með fólkíð? Margir hafa unnið herna í fjölda ára og þeir sem eru til dæmis um fimmtugt eiga ekki hægt um vik að hverfa til annarrar vinnu sísvona. Svo er ekki úr miklu öðru að spila hér. Kvótinn er farinn og nú fer Varnarliðið og hvað á fólk þá að gera?“

Þorvaldur veit ekki hvað við taki hjá sér eða hvort hann muni þurfa að yfirgefa Suðurnesin. Starfsmenn fá tvo frídaga í mánuði til að leita sér að annarri atvinnu.

- jse

Aðalfundur
SVP – Samtaka verslunar og þjónustu
haldinn 21. mars 2006 á Grand Hótel Reykjavík
Pema fundarins:
Nýsköpun í þjónustu
Á fundinum verður kynnt viðamikil úttekt á stöðu og horfum í íslenskum þjónustugreinum

DAGSKRÁ

12:45 Skráning og afhending gagna

13:00 Ræða formanns

Hrund Rudolfsdóttir, formaður stjórnar SVP

Ávarp

Valgerður Sverrisdóttir, viðskiptaráðherra

Skýrsla um stöðu og horfur í þjónustugreinum á Íslandi

Katrín Ólafsdóttir, aðjúnkt Háskólanum í Reykjavík

Innovation in the service sector - characteristics and policy consequences

Per Koch, aðstoðarframkvæmdastjóri NIFU STEP, Rannsóknarstofnunar um nýsköpun í Noregi

Aðgerðir til að bæta samkeppnishæfni þjónustufyrirtækja

Guðmundur Arason, framkvæmdastjóri Securitas hf.

Annáll SVP 2005

Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri SVP

14:40 Veitingar - Afhending gagna fyrir aðalfund

15:00 Hefðbundin aðalfundarstöf

Fundarstjóri:

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífisins

Vinsamlega tilkynnið þátttöku í síma 511 3000 eða með tölvupósti til svth@svth.is

SVP

Samtök verslunar og þjónustu



Hrunn Rudolfsdóttir



Valgerður Sverrisdóttir



Katrín Ólafsdóttir



Per Koch



Guðmundur Arason



Sigurður Jónsson



Vilhjálmur Egilsson

TÆKNI SEM SKIPTIR MÁLI

Veldu stórvirkar vinnuvélar



Dell OptiPlex GX520 borðtölvur geta allar nýtt sér sömu uppsetningu á stýrikerfi og eru sérhannaðar fyrir þarfir atvinnulífsins. Tengjanleiki við staðarnet og áreiðanleiki eru meðal helstu kostna þessarar öflugu tölvu sem er hlaðin tækni sem skiptir máli.



Dell OptiPlex GX520 Celeron

Intel Celeron D 331 2.66GHz, 533 FSB, 256K cache
512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni (1X512MB)
40GB (7200 rpm) SATA II harður diskur
20/48x CD-ROM geisladrif
Intel GMA 950 skjákort allt að 224MB minni
Intel AC97 hljóðkort
Íslenskt lykklaborð & Logitech ljósamús
Microsoft Windows XP Professional SP2

Tilboðsverð **64.900,-**

Dell OptiPlex GX520 Pentium

Intel Pentium 4 630 3.0GHz/800MHz FSB 2MB L2 Cache
512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni (1X512MB)
40GB (7200 rpm) SATA II harður diskur
48x DVD/CD-RW Combo geisladrif
Intel GMA 950 skjákort allt að 224MB minni
Intel AC97 hljóðkort
Íslenskt lykklaborð & Logitech ljósamús
Microsoft Windows XP Professional SP2

Tilboðsverð **79.900,-**

Það á ekki að vera aukaatriði að velja tölvuskjá. Vandaðu valið vel því ákvörðunin mun hafa áhrif á þægindi þín og vellíðan við vinnu og leik til lengri tíma. TFT flatir skjáir eru hágæðaskjáir á eftirsóttu verði.

Dell 17" TFT flatur skjár

1280 x 1024 upplausn við 60Hz
12ms viðbragðstími
0.264mm Pixel Pitch
450:1 skerpuhlutfall (contrast ratio)
Birtustig 300 (cd/m²)
Þyngd 4.0kg
3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Tilboðsverð **26.900,-**



Dell tölvur fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:

TÖLVU- OG RAFEINDAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS / Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Vestmannaeyjum / 481 1122 • TÖLVUÞJÓNUSTAN Á AKRANESI / Akranesi / 575 9200 • TÖLVUSMIÐJAN / Neskaupstað / 470 2230 // Egilsstöðum / 470 2220 • TÖLVUÞJÓNUSTA VESTURLANDS / Borgarnesi / 437 2260 • MAREIND / Grundarfirði / 438 6611 • NETOS / Ísafirði / 456 8440 • BVT / Vík / 487 1510 • R. SIGMUNDSSON / Reykjavík / 520 0000 • BÓKAVERSLUN ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR / Húsavík / 464 1234



Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000





Króatía

Frá 45.895 kr.

Heitasti staðurinn í fyrra.
Brottfarir í júní og ágúst
að seljast upp

frá 45.895 kr.

Netverð á mann með 10.000 kr.
afslætti, m.v. hjón með 2 börn,
2-11 ára, vikuféð í maí eða sept.
Diamant íbúðahótelid.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSI
VEF.TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á visir.is

Ljósleiðarasamningur Orkuveitunnar og Seltjarnarnesbæjar gagnrýndur:

Seltirningar hafa forgang

TÆKNI Félag sjálfstæðismanna í Vestur- og Miðbæ gagnrýnir borgaryfirvöld fyrir áherslur í ljósleiðaravæðingu á höfuðborgarsvæðinu og segja framhjá sér gengið. Orkuveita Reykjavíkur gerði nýlega samning við Seltjarnarnesbæ um að leggja ljósleiðarakerfi í bænum.

Samningurinn felur í sér að Orkuveitan leggur ljósleiðara um bæinn, sér um tengingar að hverju húsi og annast frágang innanhúss fyrir þá sem þess óska. Þetta er gert á kostnað borgar-búa segir Félag sjálfstæðismanna.

Guðmundur Þóroddsson, for-



LJÓSLEIÐARAVÆÐING Sjálfstæðismenn í Reykjavík gagnrýna Orkuveitu Reykjavíkur fyrir ljósleiðaravæðingu á Seltjarnarnesi.

stjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segir um misskilning að ræða.

Orkuveitan sé núna fyrst að ljósleiðaravæða heimilin í borginni og búið sé að tengja fleiri heimili í Reykjavík en í öðrum sveitarfélögum. Áætlað sé að tengja Vestur- og Miðbæ árið 2008. „Það er hins vegar rétt að Seltjarnarnes og Akranes sýndu ákveðið frumkvæði í ljósleiðaravæðingu. Þau njóta þess með því að fá ljósleiðara á sama tíma og Reykvik-ingar.“ Hvað kostnað varðar segir Guðmundur að Seltirningar og Skagamenn hafi verið í viðskiptum við Orkuveituna í langan tíma rétt eins og Reykvik-ingar og þeir greiði ekki með ljósleiðaranum á neinn hátt.

-shá

Sveitarfélögin skekkja samkeppni

Veitingamenn víða um land eru að sligast undan samkeppni frá sveitarfélögum. Samkeppnisstofnun og Samtök ferðabjónustunnar fá fjölda kvartana á hverju ári. Sveitarstjórnarmenn segjast fara að reglum.

SAMKEPPNISMÁL Samtök ferðabjónustunnar og Samkeppniseftirlitið fá á hverju ári fjölmargar kvartanir frá eigendum hótela, gistiheimila og veitingastaða vegna reksturs í húsnæði sem er í eigu sveitarfélaga, svo sem félagsheimilum og íþróttahúsum sem eru leigð út fyrir mun lægri upphæðir en eðlilegt getur talist. Veitingamenn segja þetta leiða til erfíðrar samkeppnisstöðu fyrirtækja í einkaeigu vegna þess að þeir sem selji vöru og þjónustu í slíku húsnæði þurfa ekki að leggja neitt til í upphafi, auk þess sem leiga sé oft mjög lág. Þeir benda á að sá sem borgi gjöld og þurfi að fjármagna sinn rekstur geti ekki keppt við þann sem fái aðstöðu sem fjármögnuð sé með almanna-fé.

Sigurjón Sigurðsson, veitingamaður í Hafnarfirði, segir að hann sé að gefast upp og þurfi líklega að hætta sínum rekstri. Hann spyr: „Hvað myndi byggingaverktaki segja ef Hafnarfjarðarbær myndi byggja fjölbýlishús og seldi síðan íbúðir á fjörutíu prósentum lægra verði en gerist á almennum markaði?“

Nýlega fjallaði Fréttablaðið um mál veitingamanns í Neskaupstað sem íhugar að hætta rekstri vegna þess að hann treystir sér ekki til að keppa við félagsheimilið á



SIGURJÓN SIGURÐSSON VEITINGAMAÐUR Gagnrýnir samkeppni frá sveitarfélögum harðlega. Félagsheimili og aðrar opinberar byggingar eru nýttar í samkeppni við veitingamenn.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

staðnum sem heitir Egilsbúð. Annað mál af svipuðum toga kom til umfjöllunar Samkeppnisráðs árið 2004 þar sem eigandi hótelsins Brimborgar á Ólafsfirði sendi erindi vegna reksturs bæjaryfirvalda á félagsheimilinu Tjarnarborg, skíðaskálanum á staðnum og húsnæði eldri borgara. Eigandi Brimborgar segir það blóðugt að byggja upp ferðamannaíðnað og fá ekki stuðning frá bænum heldur samkeppni. Stefánía Traustadóttir, bæjarstjóri á Ólafsfirði, segir að reksturinn hafi verið boðinn út á Eyjafjarðarsvæðinu án

árangurs og reksturinn sé í endurskoðun.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðabjónustunnar, segir að menn gefist hreinlega upp við að reyna að fá þessu breytt. „Við höfum fengið allar tegundir af kvörtunum. Þá höfum við hvatt stjórnvöld til að standa rétt að þessu. Það er ekki boðlegt að veitingastaðir þurfi að standa í ósanngjarnri samkeppni. Stjórnvöld eiga að sjá til þess að slíkt viðgangist ekki en ekki ýta undir svoleiðis lagað.“

svavar@frettabladid.is

Kemst hvert sem er og ratar þangað líka



Verð frá 2.390.000,-

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Hrísmýri 2a 800 Selfoss 482-3100	Sæmundargötu 3 550 Sauðárkrúki 453-5141	Eyralandi 1 530 Hvammstanga 451-2230	Holtsgötu 52 260 Njarðvík 421-8808	Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960	Sindragötu 3 400 Ísafirði 456-4540	Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376	Vikurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990	Búðareyni 33 730 Reyðarfirði 474-1453
--	---	--	--	--------------------------------------	--	---	---	---

Aukabúnaður á mynd: Sóllúga.

TILBOÐ:

Leiðsögutæki fylgir hverjum seldum Legacy

Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku vega- og hálandskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3. Andvirði 96.550,-



OPNUM Í DAG!

FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ
LÁGVÖRUVERSLUN MEÐ RAFMAGNSVÖRUR

RAFVÖRU MARKAÐURINN

39-
PERUR

39-
KERTAPERUR

1995-
ÚTILJÓS Á VEGG

2495-
ÚTILJÓS Á VEGG

2495-
ÚTISTAUR

2995-
ÚTISTAUR

1995-
ÚTILJÓS Á VEGG

39-
KÚLUPERUR

Verð frá:
295-
SPARPERUR

3495-
ÚTISTAUR

495-
KASTARI

1995-
KASTARPLATTI

995-
KASTARBRAUT

995-
KÚPLAR

RAFSTÖÐVAR
800W **19900-**
2200W **34900-**
5500W **59500-**

1495-
HREYFISKYNJARI

557-
KLUKKUROFI

1490-
INNFELD LJÓS

299-
KRÓNUROFI

225-
ROFI

990-
HLEÐSLUBORVÉL 12V

Verð frá:
295-
TANGIR

990-
INNFELD LJÓS

291-
TVÖFALDUR TENGILL

158-
TENGILL

990-
BRAUÐRIST

990-
KAFFIKANNA

990-
STRAUJÁRN

OPIÐ ALLA DAGA

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

RAFVÖRU MARKAÐURINN

Bíll úr flokki B

Vika á Ítalíu

13.600*

kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

*Verð gildir eftir 1. apríl. Miðað við gengi 1. mars 2006

Bókaðu bílinn heima fyrir 1. apríl
- og fáðu 1000 Vildarpunkta

Hertz

50 50 600 • www.hertz.is

Framkvæmdastjóri KEA segir afkomu félagsins í fyrra vera viðunandi:

Hagnast um 263 milljónir

REKSTUR Kaupfélag Eyfirðinga skilaði 263 milljóna króna hagnaði í fyrra að teknu tilliti til skatta. Hagnaður félagsins árið 2004 nam 1.958 milljónum króna, að stærstum hluta vegna sölunnar á eignarhlut KEA í fjárfestingarfélaginu Kaldbaki.

Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, segir afkomu félagsins í fyrra viðunandi. „Miðað við þá fjárfestingarstefnu sem félagið vinnur eftir er ég þokkalega sáttur við niðurstöðuna,“ segir Halldór.

Heildareignir KEA um síðustu áramót námu rúmum 5,1 milljarði króna en rúmum 4,8 milljörðum

króna árið áður. Skuldir og skuldbindingar félagsins voru 840 milljónir króna í fyrra en 775 milljónir króna í árslok 2004.

KEA seldi í fyrra eignarhlut sinn í Samherja fyrir rúma tvo milljarða króna en söluhagnaður var að sögn Halldórs óverulegur. KEA á 45 prósentu hlut í Norðlenska matborðinu og jók á árinu eignarhlut sinn í félaginu um átta títu milljónir króna. Þá keypti KEA sjötíu prósentu eignarhlut í Ásprenti Stíl og tók þátt í nokkrum smærri verkefnum.

- kk

HALLDÓR JÓHANSSON Framkvæmdastjóri KEA er þokkalega sáttur við afkomuna.




Svandís
UM ALLA BORG

Grafarvogur
20. mars
20:15 Rimaskóli

X
VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

Keramik fyrir alla

Gæsun



Gæsun-Brúðargjöf.
Tvær flugur í einu höggi.
Málið flott stelli
og gæsið í leiðinni.

Keramik fyrir alla,
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is



TF-LÍF Þyrla Landhelgisgæslunnar sést hér á björgunaræfingu við Pollinn á Akureyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Brotthvarf bandaríska hersins frá Keflavíkflugvelli:

Þyrlurnar fari til Akureyrar

HERINN Baldvin H. Sigurðsson, verðandi oddviti Vinstri grænna á Akureyri, vill að björgunarþyrlur Varnarliðsins á Keflavíkflugvelli verði fluttar til Akureyrar þegar þorri starfsmanna Varnarliðsins hverfur af landi brott í haust. „Ég vil að stjórnvöld krefjist þess að fá þær þyrlur sem herinn hefur hér á landi sem skaðabætur fyrir samningsrof. Akureyrarbær og Landhelgisgæslan eiga svo í sameiningu að taka að sér að reka þyrlusveitina, hugsanlega í samvinnu við Dani og Norðmenn,“ segir Baldvin.

Staðsetning þyrlusveitarinnar á Akureyri myndi að mati Baldvins svara ákalli íslenskra sjómanna til fjölda ára þess efnis að björgunar-

þyrla verði á landsbyggðinni. „Þyrlusveitin myndi gæta öryggis sjófarenda í norðurhöfum

auk þess að sinna útköllum vegna slysa á landi. Þyrlupallur er til staðar við sjúkrahúsið á Akureyri og hér eru reyndir flugsjúkraflutningamenn. Flugvirkjar eru einnig á svæðinu og við flugstöðina á Akureyri er tilbúin lóð undir flugskýli og viðhaldsþjónustu,“ segir Baldvin.

- kk



BALDVIN H. SIGURÐSSON

Matsfyrirtækið Standard & Poor's:

Lánshæfi staðfest

VIÐSKIPTI Alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's staðfesti fyrir helgi lánshæfiseinkunnir

rikissjóðs á langtímaskuldbindingum í erlendri mynt AA- og AA+ fyrir langtímaskuldbindingar í íslenskum krónum. Einnig var staðfest einkunnin A-1+ fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt og íslenskum krónum. Horfur eru stöðugar, að mati Standard & Poor's.

Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Seðlabanka Íslands, segir lánshæfismatið mjög gott og telur að það staðfesti sterka stöðu rikissjóðs.

„Við erum að borga niður erlendarskuldir og lánshæfismatið endurspeglar sterka stöðu rikissjóðs samanborið við önnur lönd,“ sagði hann.

Þá sagði Sturla gott lánshæfismat Standard & Poor's ánægjulegt í ljósi þeirra efasemda sem heyrst hafi undanfarið. „Matsfyrirtækin kafa hvað dýpst ofan í staðreyndir mála áður en þau gefa út álit sín og okkur finnst að þau eigi að hafa meiri vigt en álit annarra aðila,“ sagði Sturla og vísaði í skýrslur fjármálafyrirtækja á borð við Fitch, sem sagði lánshæfishorfur rikissjóðs neikvæðar. „Niðurstöðurnar eru í takt við það sem okkur finnst satt og rétt og ég held að lánshæfiseinkunnir Standard & Poor's hjálpi til við að róa markaðinn,“ sagði Sturla.

- jab

NISSAN X-TRAIL

FULLBÚINN Á FRÁBÆRU VERÐI!



Ríkulegur staðalbúnaður

17" álfelgur, litað gler, 6 diska geislaspillari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfstjórning, útvarpsstjórning í stýri, sóllúga.

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:
„Bestur“ – Fifth Gear
„Best recreational 4x4“ – Auto Express
„Best compact 4x4“ – What Car?
„Best in class“ – Channel 4
„Best Small Wagon“ – Overlander Magazine

Nissan X-Trail Sport 2.690.000 kr.

Ingvar Helgason Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

Páskatilboðin í fullum gangi

GravityZero með
TEMPUR heilsudýnu



Fermingatilboð 2006

**Betra
BAK**



Val um hvíta
eða brúna leðurlook botna
með SquareAlu löppum
án aukagjalds!!!
Gildir aðeins í mars

Heilsudýnur uppbyggðar til að
laga sig að þér og þínum líkama

Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði.
Gormakerfið er læst saman langsöm til að dreifa líkamsþyngdinni
á sem flesta gorma. Fjöldi gorma er 220 pr. fm. í Multi Spring
kerfinu. Dýnan er með Conforma heilsu og hægindalagi beggja
vegna. Steyptir hliðarkantar sem veita 25% meira svefnsvæði.

Chiro Crown heilsudýna með botni og löppum:

80x200 cm Verð áður ~~kr. 56.164,-~~ Nú kr. 47.900,-
90x200 cm Verð áður ~~kr. 59.478,-~~ Nú kr. 49.900,-
100x200 cm Verð áður ~~kr. 66.287,-~~ Nú kr. 56.900,-
120x200 cm Verð áður ~~kr. 76.466,-~~ Nú kr. 64.900,-

THE
NeverTurn
MATTRESS

Chiro Standard heilsudýna með botni og löppum:

100x200 cm Verð áður ~~kr. 79.900,-~~ Nú kr. 65.900,-
120x200 cm Verð áður ~~kr. 91.800,-~~ Nú kr. 75.900,-

Leggðu grunn að góðum degi



Val um 100% náttúruleg gæðaeefni

Laserskorin ConformaFoam eða
Latex heilsu og hægindalagi

Steyptar hliðarstyrkingar tryggja
stífan setkant og meira svefnsvæði

Tvíhert háþróað gormakerfi

Staðreyndir um Chiro

**Betra
BAK**

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð: Virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 11-16



GÍRAFFI FÆDDUR Zarafa, sex ára kvenkyns gíraffi, hnusar hér ástúðlega af nokkurra mínútna gömlu afkvæmi sínu, í dýragarði í Kaliforníu í Bandaríkjunum á föstudag. Kálfurinn vó 45 kíló og heilsast bæði móður og kálfi afar vel. Von er á þremur gíraffakálfum til viðbótar í garðinum á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skipulagsmál á Álftanesi:

Segir minnihlutann blekkja

SKIPULAGSMÁL Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri á Álftanesi, sakar Álftaneshreyfinguna um að hafa fengið íbúa þar í bæ til að skrifa undir mótmæli við miðbæjarskipulagið á fólkskum forsendum.

„Fulltrúar Álftaneshreyfingarinnar hafa haldið því fram að um skoðanakönnun meðal íbúa hafi verið að ræða,“ segir Guðmundur. „En svo getur tæplega talist, því að viss hópur íbúa varð fyrir valinu, annar hópur íbúa var alveg látinn í friði. Svo hart var keyrt að allt að fjórar, ef ekki fimm, útgáfur ástæðna mótmælanna voru hafðar í frammi, allt eftir því hvaða íbúi eða íbúðarhverfi átti í hlut. Sumir íbúa



FRÁ AFHENDINGU MÓTMÆLALISTANS Guðmundur tekur hér við listanum úr höndum Berglindar en hann sakar minnihlutann á Álftanesi um að hafa safnað undirskriftunum á fólkskum forsendum.

fengu allt að fjórar heimsóknir og þá komu gjarnan aðrir í síðari ferðum en í þeirri fyrstu.“

Um 700 manns skrifuðu undir en Guðmundur segir að allnokkrir

hafi óskað eftir því að nöfn þeirra yrðu tekin af listanum eftir að þeim hafi borist réttar upplýsingar um málið.

Berglind Libungan, sem er ein af þeim sem stóðu fyrir undirskriftasöfnuninni, segir að einungis hafi verið farið oft í sama hús ef íbúar voru ekki heima og að um staðlaðan lista hafi verið að ræða sem ekki var hægt að breyta eftir því hver viðmælandinn var. „Það var farið í öll hús en svo gat fólk skilað inn athugasemdir og eflaust er það að rugla bæjarstjórn og því telur hann að alls konar útgáfur hafi verið í gangi af okkar hálfu,“ segir hún. - jse

Ítalskir blaðamenn:

Engar fréttir á Ítalíu í gær

ÍTALÍA, AP Blaðamenn allra helstu dagblaða Ítalíu lögðu niður störf á laugardag í mótmælaskyni við fyrirhugaðar breytingar á kjarasamningnum, og þar af leiðandi komu fæst blöð út þar í landi á sunnudag. Sjónvörps- og útvarpsfréttamenn ætla sér að leggja niður störf á sunnudaginn.

Fréttamennirnir óttast að breytingar í kjarasamningnum munu ógna prentfrelsi og starfsöryggi blaðamanna. Talsmenn forsætisráðherra, Silvio Berlusconi, héldu því fram að verkfallið hefði verið haldið svo hann fengi ekki fréttaumfjöllun þessa daga. Kosningar verða haldnar í landinu í byrjun apríl. - smk



INDJÁNATELPA Hár Christinu Ponce var klippt fyrir sjónvarpsþátt, þó reglur þjóðflokks hennar banni það. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Einkennilegt dómsmál:

Indjánar kæra Spielberg

BANDARÍKIN, AP Fjölskylda átta ára indjánatelpu sem leikur í sjónvarpsþáttum Stevens Spielberg hefur lagt fram kæru á hendur framleiðanda þáttarins vegna hárgreiðslu.

Faðir telpunnar segir stílista hafa klippt hár telpunnar án þess að biðja um leyfi, en samkvæmt síðum indjánaflokksins má ekki klippa hár telpna fyrr en við hátíðina sem markar lok æsku þeirra og upphaf fullorðinsáranna. Til að taka þátt í þessari hátíð verður hár stúlkanna að ná þeim í mittisstað.

Telpan tilheyrir Mescalero Apache-indjánaþjóðflokknum í Nýju Mexíkó. - smk

Styrkur til snjóframleiðslu:

Hlíðarfjall hvítt áfram

AKUREYRI Nokkur fyrirtæki hafa tekið sig saman til þess að leggja fram tuttugu milljónir til áframhaldandi snjóframleiðslu í Hlíðarfjalli. Þetta gæti verið mikið sóknarfæri fyrir Akureyri í ferðamannaþjónustu því nú verður hægt að hafa Hlíðarfjall opið um jól og áramót.

Ef snjóframleiðsla væri ekki til staðar í Hlíðarfjalli hefði skíðasvæðið verið lokað síðan um jól en í staðinn hefur það verið opið í 45 daga í vetur og 1.200 gestir hafa komið. Með snjóframleiðslukerfinu er hægt að tryggja að Andrésar Andar leikarnir verði haldnir á sumardaginn fyrsta um ókomna tíð. - sts

Sjúkrahús hélt ung- barni sem tryggingu

Forráðamenn ísraelsks sjúkrahúss geta átt von á lögsókn vegna meintrar ákvörðunar þeirra um að halda nýfæddu ungbarni í tvo mánuði þar til foreldrar þess höfðu greitt læknskostnað við fæðingu barnsins og meðferð.

ÍSRAEL Dómsmálaráðuneyti Ísraels reynir nú ákvarða hvort ákæra beri forráðamenn sjúkrahúss þar í landi sem sagðir eru hafa haldið nýfæddu kornabarni sem „tryggingu“ í tvo mánuði, þar til aðstandendur barnsins höfðu gert upp reikning sinn við sjúkrahúsið. Í síðustu viku fyrirskipaði ráðuneytið al-Muqassad sjúkrahúsinu í Jerúsalem að skila telpunni til móður sinnar, ísraelsks araba sem gift er Palestínumanni, samkvæmt upplýsingum fréttavefs breska ríkisútvarpsins, BBC.

Móðirin, sem er ísraelskur ríkisborgari, eignaðist þrjú börn á sjúkrahúsinu fyrir tveimur mánuðum. Börnin voru fyrirburar og þurftu á töluevðri læknishjálp að halda. Þar sem faðir þeirra er Palestínumaður frá Vesturbakkanum kröfðust yfirmenn sjúkrahússins greiðslu og sögðust óvissir um hvort almannatryggingar Ísraels myndu greiða reikning fjölskyldunnar. Reikningurinn jafngildir um 150.000 íslenskum krónum, en þegar konan sagðist ekki eiga það fé til létu forráðamenn sjúkrahússins hana fá tvö af börnunum og héldu því þriðja sem „tryggingu“ fyrir greiðslu. Telpan þurfti þó ekki á neinni læknishjálp að halda.

Móðirin hélt heim á leið með börnin sín tvö og í síðustu viku leitaði hún ásjár dómsmálaráðuneytisins. Málið var kannað og fengust þau svör frá sjúkrahúsfyrirvöldum að þetta væru eðlilegir starfshættir til að tryggja greiðslu, að sögn starfsmanna ráðuneytisins. Hins vegar neituðu forráðamenn sjúkrahússins þessari sögu þegar fréttamenn höfðu samband við þá, og sögðu þriðja barnið hafa þurft á lækni meðferð að halda.

Ráðuneytið skipaði sjúkrahúsinu að skila barninu til fjölskyldu



MÓÐIR OG BARN Ísraelsk yfirvöld skipuðu í síðustu viku sjúkrahúsi í Jerúsalem að skila móður barni sínu, en spítalinn hafði haldið barninu sem „tryggingu“ fyrir greiðslu vegna fæðingarhjalpar og meðferð á barninu og tveim systkinum þess eftir fæðingu. Arabakonan og barnið á myndinni tengjast málinu ekki, en myndin er tekin í Jerúsalem. NORDICPHOTOS/AFP

sinnar og lofaði að sjá til þess að almannatryggingar greiddu reikning fjölskyldunnar.

Ísraelskir arabar af palestínskum uppruna kvarta oft yfir framkomu ísraelskra yfirvalda gagnvart sér og telja sér mismunað, og virðist þetta mál renna stóðum

undir þær kvartanir. Konan sagði starfsmönnum dómsmálaráðuneytisins jafnframt að tveir aðrir ísraelskir spítalar hefðu neitað henni um fæðingarstöð því hún gat ekki reitt af hendi tæplega fimm milljón króna tryggingu fyrir innlögnina. smk@frettabladid.is



FRÁ AFHENDINGU Frá vinstri: Páll Pálsson frá SPH, Magnús E. Magnússon sparisjóðstjóri, Ingibjörg Ásgeirsdóttir hjúkrunarforstjóri og Guðrún Gunnarsdóttir yfirlæknir. FRÉTTABLAÐIÐ/HAFDÍS

Hafnarfjörður:

Fengu hjarta-rita að gjöf

HEILBRIGÐISMÁL Sparisjóður Hafnarfjarðar hefur gefið nýju heilsugæslustöðinni í Hafnarfirði, Firði, fyrsta flokks hjarta-rita í tilefni af opnun stöðvarinnar 6. janúar síðastliðinn. Í Firði verður veitt almenn lækni- og hjúkrunarþjónusta og slysa- og bráðaðþjónusta.

Kristín Pálsdóttir, hjúkrunarforstjóri á Sólvangi, segir SPH hafa veitt heilsugæslunni í bænum ómetanlegan stuðning í gegnum tíðina með því að gefa vandaða hjarta-rita, háls-, nef- og eyrnatæki og ýmsan annan búnað sem nauðsynlegur er við rekstur heilsugæslu. - shá

Goethe-Zentrum á Íslandi:

Breytingar á starfi félagsins

MENNING Goethe-Zentrum mun hætta starfsemi sinni í núverandi mynd hinn 30. apríl næstkomandi. Við menningarstarfi félagsins tekur sérstakur menningarfulltrúi í nánú sambandi við Goethe-Institut og íslensk félög.

Stefanie Hontcha, menningar- og leikfræðingur, tók til starfa sem menningarfulltrúi um áramót og mun á næstu tveimur árum hafa aðsetur í Reykjavík og vinna að því að færa þýska menningarmál á Íslandi á breiðari grundvöll. Megináhersla verður lögð á þýska samtímaþemningu. - shá

Í dag blásum við á fimmtíu kerti...



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti:

Álykta gegn styttingu náms

MENNTAMÁL Á almennum fundi Kennarafélags Fjölbrautaskólans í Breiðholti nýlega var samþykkt ályktun þar sem varað er við skerðingu á námi til stúdentsprófs. Þar er einnig bent á að nemendur á Íslandi geta nú þegar lokið námi til stúdentsprófs á skemmri eða lengri tíma en fjórum árum.

Rannsóknir skortir að þeirra mati á framkvæmd námskráa framhaldsskólastigsins og einnig á hvernig nemendum, foreldrum, atvinnulífi, viðtökuskólum, stjórnvöldum og kennurum þyki að til hafa tekist.

- shá



KALKÚNABÚ Í ÍSRAEL Kalkúnabændur í Ísrael verða fyrir þungum búsjúfum vegna gruns um fuglaflensu. MYND/AP

Fuglaflensugrunur í Ísrael:

Drepa þarf þúsundir fugla

JERÚSALEM, AP Ísraelsk stjórnvöld skipuðu svo fyrir á föstudag að drepa verði tugi þúsunda af kalkúnnum í Ísrael til að stöðva hugsanlegan fuglaflensufaraldur. Þessi ákvörðun er tekin í framhaldi af því að ellefu þúsund kalkúnar hafa drepist á síðustu dögum.

„Við erum nú þegar nokkuð viss um að þetta er fuglaflensa, en auðvitað þarf að gera frekari prófanir,“ sagði Jaakov Edri heilbrigðisráðgjafi ísráðherra. Ekki er vitað til þess að menn hafi smitast af fuglaflensu í Ísrael, en stjórnvöld eiga í fórum sínum bóluefni fyrir hálf milljón manns.

- gb

Kona sem smyglaði fólki:

Dæmd í 35 ára fangavist

BANDARÍKIN, AP Fimmtíu og sjö ára gömul kínversk kona var í síðustu viku dæmd í 35 ára fangelsi í Bandaríkjunum fyrir að hafa stundað stórfenglegt smygl á fólki.

Fyrir dómi þótti sannað að Cheng Chui Ping væri leiðtogi glæpahrings sem hefði haft milljóni dollara af vongóðum innflyjendum, flutt þá frá Kína til Bandaríkjanna við hættulegar og ómannúðlegar aðstæður, og notað ofbeldi til að innheimta féð. Cheng neitaði sök og hélt því fram að hún hefði einfaldlega lent hefði í klóm glæpahringja. Dómarinn trúði henni hins vegar ekki og dæmdi hana til þyngstu mögulegrar refsingar fyrir brotið.

- smk

Er Ísland Draumalandið?



„Hvað gerist ef herinn fer? Hann yfirgefur samtals 400.000 fermetra af húsnæði. Það samsvarar sjö Smáralindum. Íslenska þjóðin myndi öll rúmast inni í þessum húsum ef haldið væri eitt allsherjar kokteilboð. ... Húsin eru í hálf tíma fjarlægð frá vaxandi höfuðborg og steinsnar frá alþjóðaflugvelli, mitt á milli Evrópu og Ameríku, en einhvernvegin þykir mönnum erfitt að sjá augljósa möguleika.“

Í tilefni af útkomu bókarinnar *Draumalandið – Sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð* heldur höfundurinn, Andri Snær Magnason, fyrirlestur í Borgarleikhúsinu í kvöld kl. 20.00.

KK leikur og syngur.

Andri Snær fer á kostum þar sem hann ræðst beint að kjarna stærstu mála samtímans og hrærir upp í heimsmyndinni með leiftrandi hugmyndaflugi og hárfínum húmor. Svona bók hefur aldrei verið skrifuð áður á íslensku.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



Andri Snær Magnason


Edda
edda.is



„ORÐRÉTT“

Svandís er best

„Allir sem kynnst hafa Svandísi eru á einu máli um að þar fer afar kjarnmikill og traustur frambjóðandi og hæfileikaríkur leiðtogi.“

ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON, VG, Í GREIN Í FRÉTTABLAÐINU UM SVANDÍSI SVARASDÓTTUR, VG.

Erfitt líf við Djúp

„Hér er nóg gegnumstreymi af ribböldum, eiturfíklum og veiðipjófum nú þegar, þó póstræningjar bætist ekki við.“

INDRÍÐI AÐALSTEINSSON Á SKJALDFÖNN VIÐ DJÚP Í GREIN UM ÞJÓNUSTU ÍSLANDSPÓSTS. MORGUNBLAÐIÐ.

nær og fjær tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR, MATGÆÐINGUR OG RITHÖFUNDUR

Skrifar um mat með leisersjón

„Bara allt gott, ég var í leiseraðgerð á augnum núna í morgun og þetta var mjög lítið mál, eins og að fara til tannlæknis nema hvað þetta er ögn dýrara,“ segir Nanna Rögnvaldardóttir og bætir við að hún sjái svolítið óskýrt en gat lesið textann á sjónvarpinu gleraugnalaus í fyrsta skipti síðan hún var smástelpa „eða frá því að sjónvarpið kom öllu heldur.“

Nanna er þjóðkunn fyrir skrif sín um allt sem viðkemur matarhefð okkar Íslendinga og alls heimsins ef út í það er farið. Nanna skrifar um mat í Gestgjafann á milli þess sem hún sendir frá sér bækur og einmitt núna er verið að undirbúa veisluþláð Gestgjafans. Nanna hlakkar til útgáfunnar en meira til næstu helgar þegar sýningin Matur 2006 verður haldin.

„Ég var á Food & Fun um daginn og fór á nokkra staði. Við löbðuðum á milli og töluðum

við kokka og fengum að smakka sem var mjög gaman. Maður smakkar auðvitað alltaf eitthvað nýtt en ég finn það bara alltaf betur og betur hvað íslenskir kokkar eru færir. Það var ekkert þarna sem skaraði fram úr því sem ég hef smakkað á íslenskum veitingahúsum áður, langt frá því. Mér finnst til dæmis enginn kunna að fara með lambakjöt eins vel og íslensku kokkarnir.“ En hvað um íslenskan fisk, spyr blaðamaður. Hvað um íslenskan saltfisk? „Helga Sigurðardóttir skrifaði matreiðslubók um fisk sem kom út nítján hundruð og þrjátíu og eitthvað og í henni



voru fimm saltfiskuppskriftir. Það var soðinn saltfiskur og fjórar uppskriftir um matreiðslu á afgangum af saltfiski. Þetta er íslenska hefðin en mikið er hægt að spila út frá henni.“

Með vatn í munnum langar blaðamann að vita hvar hann getur fengið uppskriftir með þessu lostæti sem Íslendingar eru áhugalausir um að borða. Ekki stendur á svörum. „Við verðum með saltfiskþátt í veisluþláð Gestgjafans. Sem er athyglisvert því saltfiskur hefði ekki þótt veislumatur hér fyrir nokkrum árum,“ segir Nanna og kveður dauðsoltinn blaðamanninn.

SJÓNARHÓLL

Á AÐ FLYTJA INNANLANDS-
FLUGIÐ TIL KEFLAVÍKUR?



ÓSKAR STEFÁNSSON BIFREIÐASTJÓRI

Leggst alfarið gegn því

„Ég leggst alfarið gegn hugmyndum um að innanlandsflugið verði flutt til Keflavíkur,“ segir Óskar Stefánsson bifreiðastjóri og formaður Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis um framkomnar hugmyndir um að sæta nú lagi þegar herinn er á heimleið og flytja innanlandsflugið úr Vatnsmyrinni í Reykjavík til Keflavíkur.

„Sem landsbyggðarmaður skil ég kröfur landsbyggðarfólks um að hafa flugvöllinn sem næst höfuðborginni og vil hafa hann þar sem hann er.“



GÓÐAN DAG Rotta gægist upp úr holu sinni og hittir fyrir önd sem nýtur geisla sólarinnar. Búa þær báðar í Lazienki-garðinum í Varsjá í Póllandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



KOMIN Í STJÓRN MÁLIN Guðrún Ásmundsdóttir, sem er í hópi dádustu leikara þjóðarinnar, skipar þriðja sætið á lista Frjálslynda flokksins í borgarstjórnarkosningunum í lok maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Leiðist þessi kalda peningahyggi

Guðrún Ásmundsdóttir leikkona er komin á kaf í pólitíkina. Áhugi hennar á raunverulegum verðmætum varð til þess að hún þáði boð um að setjast í þriðja sæti á lista frjálslyndra fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor.

„Ertu frá þér elskan mín, þegar maður er kominn í stjórn málin er sko farið snemma á fætur og hugsjónirnar rifjaðar upp,“ svarar Guðrún hlæjandi þegar blaðamaður spyr hvort hann hafi nokkuð gert henni rúmrusk, klukkan að ganga tíu að morgni.

Það kemur sjálfsgagt einhverjum á óvart að Guðrún Ásmundsdóttir, sem lengi hefur verið í hópi dádustu leikara þjóðarinnar, skuli nú

gefa sig að stjórn málum. Þeir sem þekkja hana skilja það þó vel, enda hefur Guðrún alla tíð haft brennandi áhuga á pólitík.

„Ég var á lista hjá Alþýðubandalaginu í gamla daga. Var þá í næsta sæti við Einar Olgeirsson,“ segir Guðrún, sem fannst það mikill heiður að vera nærri honum á listanum. „Hann var einn af okkar frábæru stjórn mála- og hugsjónamönnum.“

Það er einmitt af hugsjón sem Guðrún tekur þátt í slagnum nú. „Ég hef alltaf verið hrifin af slíku fólki og hef skrifað leikrit um bæði Kaj Munk sem nasistar drápu 1944 og Ólafíu Jóhannsdóttur sem vann sín afrek í gegnum hugsjónir,“ segir Guðrún sem finnst hugsjónunum of lítil gaumur gefinn. „Þessi kalda peningahyggi er farin að fara í taugarnar á mér því mér finnst hún leiðinleg. Þótt flestir haldi að verðmæti séu fólgin í því

að næla sér í hlutabréf og hagnað þá er margt annað í lífinu svo miklu, miklu dýrmætara.“

Guðrún segist hafa stutt marga í stjórn málum í gegnum árin, sérstaklega þá sem reknir hafa verið áfram af brennandi hugsjónum. „Ég er hins vegar ekkert að nefna þetta fólk núna því það er orðið að keppinautum mínum,“ segir hún hlæjandi og bætir við að svo vilji til að á öðrum listum sé margt ágætt fólk.

Þó að Guðrún hafi lengi vitað af Ólafi F. Magnússyni og fundist hann standa einn í sinni baráttu var það þáttaka hennar í leikhópnunum Fimm stelpur.com sem varð örslagavaldur í aðkomu hennar að stjórn málu nú. „Það átti að rífa Austurbæjarbíó og ég var að segja stelpunum frá húsinu og hve gaman hefði verið að leika þar. Þær svörðu því til að ekki væri víst að húsið yrði rífið því einn maður

væri að berjast gegn því í borgarstjórn. Það var Ólafur F. Magnússon og eftir þetta fór ég að fylgjast betur með honum og Frjálslynda flokknum.“

Guðrún gaf sig þó ekki strax að starfi flokksins en fylgdist með úr fjarlægð. Þegar Ólafur svo flutti yfirlýsingu um verndun Þjórsárvera í borgarstjórn brá hún sér í Ráðhúsið og fylgdist með. „Ætli hann hafi ekki tekið eftir mér á pöllum,“ giskar Guðrún á en í framhaldinu hafði hann samband og bað hana að taka sæti á listanum.

„Mér er mikill heiður sýndur með þessu og ég hlakka mjög til kosningabaráttunnar. Það er gott og skemmtilegt fólk í kringum mig og þegar maður á svona skammt eftir af lífinu nennir maður ekki að verja tímanum með leiðinlegu fólki,“ segir Guðrún og hlær dátt.

bjorn@frettabladid.is





MIKIÐ LAGT Á EINN STAUR Ljósastaurinn við Vesturgötu 26 í Reykjavík gegnir mikilvægu upplýsingahlutverki í gatnakerfinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



GÓÐ GJÖF Karl Ísleifsson færir hjálparveitarmönnum í Hveragerði talstöðvarnar.

Hvergerðingar fá talstöðvar

Hjálparveit skáta í Hveragerði fékk á dögunum talstöðvar að gjöf frá Múlaradíói.

Allur búnaður hjálparveitarinnar varð eldi að bráð á gamlársgagn og eru talstöðvarnar því kærkomnar.

Múlaradíó tók nýlega við MAXON talstöðvaumboðinu og var gjöfin færð hjálparveitinni af því tilefni. „Er það einlæg von okkar að það öflug og óeiginleg starf sem sveitin sinnir megi hafa eitthvert gagn af þessari gjöf,“ segir í fréttatilkynningu frá Múlaradíói. ■



MÝRARBOLTI Aðstæður til iðkunar eru allar hinar sérstökustu.

Mýraboltinn í Tungudalinn

Mýraboltafélag Íslands fær að líkindum nýtt og betra athafnasvæði í bráð. Umhverfisnefnd Ísafjarðar hefur lagt til við bæjarstjórn að félagið fái svæði undir sex velli í Tungudal. Bæjarins besta greinir frá þessu.

Mýrabolti er með undarlegri íþróttgreinum sem stundaðar eru, knattspyrna er leikin í mýri og er drullan slík að þegar verst (eða best) lætur sjá leikmenn vart út úr augum.

Ísfirðingar kynntust mýrabolta í gegnum samskipti við aðrar norrænar þjóðir en íþróttin var fyrst leikin í Norður-Finnlandi. ■



Íbúðalánasjóður styrkir háskólanema

Í tilefni afmælisins Húsnæðislán í 50 ár veitir stjórn **Íbúðalánasjóðs** námsmönnum í háskólanámi styrki til rannsókna á sviði húsnæðismála.

Val á umsóknum grundvallast á því að rannsóknirnar nýtist starfssemi **Íbúðalánasjóðs** á hverjum tíma s.s. á sviði lánsfjármögnunar og markaðsgreininga.

Styrkirnir nema **2.500.000 kr.** árlega og verða veittir í þrjú ár, fyrsta styrkveitingin er á þessu ári.

Umsóknarfrestur um styrki er til 30. apríl 2006.
Nánari upplýsingar á www.ils.is



Íbúðalánasjóður

www.ils.is

Borgartúni 21

105 Reykjavík

Sími: 569 6900 - 800 6969

Fax: 569 6800

...eitt fyrir hvert ár sem við höfum verið hér í Kópavogi. Þessi tími hefur einkennst af ljúfri sambúð og

ánægjulegum samskiptum við viðskiptavinum okkar og Kópavogsbúa alla. Við hlökkum til næstu 50 ára!

Í dag bjóðum við þér að þiggja kaffi og kökur á þjónustustöðum

okkar í Hlíðasmára 19 og á Diganesvegi 10

Starfsfólk SPK



spk
50 ár í Kópavogi

skoðun

SKOÐUN
PORSTEINN PÁLSSON

Skipan hæstaréttardómara

Er breytinga þörf?

S töður dómara í Hæstarétti Íslands eru ekki aðeins há embætti heldur þau mikilvægustu og vandasömstu í stjórnkerfinu utan hins pólitíska vettvangs. Á miklu veltur að þar sitji öndvegis lögfræðingar. Mat þar um er ekki alltaf einfalt og erfitt að bregða á það reglustrikumælikvörðum. Í því ljósi má undrum sæta hversu sjaldan skipun í þessi embætti hefur valdið átökum eða djúpstæðum deilum. Þó hefur það eðlilega gerst í gegnum tíðina.

Við skipanir í embætti dómara í Hæstarétt árin 2003 og 2004 urðu talsverður umræður og deilur. Þær leiddu af sér spurningar um hvort breyta ætti um aðferð við veitingu þessara embætta. Álitafni af því tagi hafa oft áður komið fram. Deilur hafa ekki alltaf verið tilefni þess. Staðreynd er að erfitt hefur verið að benda á annan kost heppilegri en þann að dómsmálaráðherra beri endanlega ábyrgð á ákvörðunum um þessi efni. Það segir hins vegar ekki að ferli við undirbúning þessara ákvarðana megi ekki breyta.

Málefnalegur grundvöllur ákvarðana, að undanskildu mati ráðherra, byggir nú alfarið á umsögn hæstaréttar sjálfs. Mat réttarins hefur stöku sinnum orkað tvímælis og verið umdeilt í röðum lögvísindamanna. Vandinn í þessu efni felst því ekki einvörðungu í endanlegu mati ráðherra. Hann getur einnig falist í því mati sem fram kemur í umsögn Hæstaréttar, enda eru mælikvarðarnir ekki einhlítir. Að ýmsu er því að hyggja í þessum efnunum.

Ef lítið er á þær deilur sem stóðu um tvær síðustu stöðuveitingar í Hæstarétt má segja að rök hafi verið fyrir þeirri gagnrýni sem færð var fram á mat ráðherra árið 2003. Á hinn bóginn má rökstyðja að matið í umsögn Hæstaréttar árið 2004 hafi orkað tvímælis út frá fræðilegri hæfni og reynslu umsækjenda. Helsta álitafnið þá laut í raun og veru að því hvort sá sem skipaður var hefði verið um of flæktur í pólitískar deilur. Í mati Hæstaréttar var sú staðreynd hins vegar ekki talin valda vanhæfi. Settur dómsmálaráðherra hafði því ekki ástæðu til að láta það sjónarmið hafa áhrif á mat sitt.

Hæstiréttur hefur gengisfellt umsækjanda vegna aldurs. Var það persónubundið mat eða almenn regla? Það kemur í ljós þegar tilefni verður til að beita því sjónarmiði aftur. Að öllu athuguðu væri óheppilegt ef Hæstiréttur hefði sjálfur úrslitaáhrif á skipun dómara og gæti þannig endurnýjað sig sjálfur.

Ef breyta á umsagnarferlinu væri æskilegt að umsagnarnefnd skipuð fremstu mönnum á helstu sviðum lögfræðilegra viðfangsefna legði fram málefnalegt mat á umsækjendum. Ekki væri útilokað að þrengja með einhverjum hætti mat ráðherra. Hitt væri óskynsamlegt að leysa hann frá endanlegri ábyrgð. Verst væri að færa ábyrgðina inn í sali Alþingis. Persónuleg ábyrgð ráðherra sem bundinn er af þingræðisreglu er betri kostur. Hitt væri ávísun á hrossakaup. Dreifð ábyrgð dregur sannarlega ekki úr hættu á ómálefnalegu mati.

Nú stendur fyrir dyrum að skipa dómara í Hæstarétt. Í ljósi þess að dómsmálaráðherra hefur nýlengið samningum við einn umsækjanda vegna deilna frá fyrri embættaveitingu verður að meta stöðu hans þannig að eðlilegt megi telja að ráðherra viki við meðferð málsins. Því fer fjarri að í því felist getgátur um að þeir samningar hafi lotið að ráðstöfun þeirrar stöðu sem nú er laus en vegna þessarar sérstöku aðstöðu myndi það auka traust á þeirri ákvörðun sem tekin verður.



Finnur þú næstu milljón?

HAPPA
PRENNAN

Sá á fund sem finnur!

FRÁ DEGI TIL DAGS

Litla Hríflumálið

Vefritið Hríflan er málagn framsóknarfélaganna í Reykjavík og opið fyrir skoðunum framsóknarmanna. Eða þannig. Því Anna Kristinsdóttir borgarfulltrúi Framsóknarflokksins - sem reyndar hefur vikið af framboðslistanum - segir að ritstjórnin, Pétur Gunnarsson, hafi tekið upp ritskoðun með því að neita að birta pistil eftir hana. Hún hafði áður birt tóðan pistil á sinni eigin heimasíðu. Pétur útskýrir málið á Hríflunni og segir meðal annars: „Leiðarljósið við útgáfu Hríflunnar fram að kosningum verður að tryggja að rödd þeirra framsóknarmanna sem vilja stuðla að sem bestri niðurstöðu B-listans í borgarstjórnarkosningunum heyrst í umræðunni eins og hún er í þjóðfélaginu frá degi til dags. Pistill Önnu stuðlar ekki að þessu markmiði heldur er hann til þess eins fallinn

að auka á deilur og tortryggni innan framsóknarfélaganna í Reykjavík... Ég á það hins vegar sameiginlegt með flestum framsóknarmönnum í Reykjavík að vera langþryggt á sífelldri umræðu um innanflokksmálefni í fjölmiðlum.“

Kosningarnar nálgast

Össur Skarphéðinsson gerir sér far um að greina stjórnmálaástandið í borginni í löngum pistli á vefsíðu sinni í gær. Hann virðist ánægður með Samfylkinguna en veltir fyrir sér ástandinu á öðrum bæjum: „Ég átta mig ekki alveg á því hvað er að gerast í Sjálfstæðisflokknum. Ég hef varla orðið var við lífsmark hjá borgarstjórnarflokki síðan í prófkjöri. Í kjölfar þess skapaðist hættuleg staða fyrir Sjálfstæðismenn. Þeir voru einir á sviðinu og fóru með sveðaglamma án þess að takast á

við neinn andstæðing. Þeir, með aðstoð fjölmiðla, sköpuðu þau hughrif að þeir væru í reynd búnir að vinna meirihluta löngu fyrir kosningar. Það er einhver hættulegasta staða sem hægt er að komast í. Sigur fyrirfram er oft ávísun á tap... Sjálfstæðisflokkurinn virðist eiga við innanmen að stríða.“ Össur heldur áfram og vikur að ofanigjöf Björns Inga Hrafnsonar, efsta manns Framsóknarflokksins í borginni, við Sjálfstæðisflokkinn. „Daður Sjálfstæðisflokksins og Moggans við Frjálslynda kann að hafa verið dýrkeypt mistök. Það eru litlar líkur á því að Frjálslyndir náir manni, og enn minni á að þeir myndi meirihluta með Sjálfstæðisflokknum. Daðrið undirstrikaði hins vegar fyrirlitningu íhaldsins á Framsóknarflokki og Birni Inga Hrafnssyni.“ - Loks furðar Össur sig einnig á slakri stöðu Vinstri grænna þrátt fyrir skelegga Svandísu Svavarsdóttur í broddi fylkingar. johannah@frettabladid.is

Fari þeir sem fara vilja

Stefnu íslenskra stjórnvalda í varnarmálum má lýsa með setningunni: Veri þeir sem fara vilja. Sé að marka viðbrögð forystumanna ríkisstjórnarinnar virðast þeir enn hugsa: kannski fara þeir ekkert ef - tja - framkvæmdastjóri Nató talar við þá - og ef Geir næði bara á Bush sjálfan og gæti sungið fyrir hann... ef bara Rumsfeld væri ekki svona mikill dóni. Enn er íslenskum ráðamönnum fyrirumnað að skilja að það sem ræður veru hersins hér á landi er þörf Bandaríkjamanna fyrir hann.

Sem er engin.

Ekki frekar en okkar.

Þetta er löngu búíð. Og var auk þess allt reist á ýktri hættu frá Rússum sem aldrei hefðu lagt í það glapræði að ráðast á Ísland.

Það mun þekkt úr hjónaskilnuðum að sá aðilinn sem síður vill skilja fer að láta eins og ekkert ami að, ástandið sé fullkomlega eðlilegt, þótt viðkomandi hafi ekki yrt hvort á annað í þrjú mánuði og búíð sé að panta tíma hjá prestinum. Íslensk stjórnvöld eru í þeirri aukunarverðu stöðu nú og hafa fullan hug á að lúta enn lægra; hyggjast liggja gólandi með handleggina vafða um fætur á leið út um dyrnar: ó ekki fara! Nú súpum við seyðið af því að hafa ekki um árabíl haft flokka við völd með raunhæfa og ábyrga stefnu í öryggis- og varnarmálum því alveg frá árinu 1990 hafa stjórnarflokkarnir neitað að horfast í augu við að talsýnin um ógnina frá Sovétríkjunum var endanlega horfin. Íslenskir ráðamenn eru furðu lostnir og sármóðgaðir þegar Bandaríkjamenn - eftir fimmtán ára hik - manna sig loks upp í að stynja upp úr sér: Jæja þetta er nú orðið ágætt. Viðbrögðin vitna um menn sem orðið hafa fyrir skyndilegu og gersamlega óvæntu áfalli og sveiflast milli þess að segjast lengi hafa „grunað“ þetta og hins að vonast enn til að þetta sé ekki búíð.

Í algjöru örvæni var orðstír Íslands á alþjóðavettvangi seldur

Í DAG
HERINN BURT

GUDMUNDUR
ANDRI THORSSON

Nú súpum við seyðið af því að hafa ekki um árabíl haft flokka við völd með raunhæfa og ábyrga stefnu í öryggis- og varnarmálum

ef það mætti verða til að tryggja áframhaldandi hersetu, og þjóðinni gerð sú smán að setja hana á lista hinna vígfúsu þjóða. Það dugði í þrjú ár. Eftir sitjum við uppi með það að vera vopnlaus og herlaus aðili að heimskulegustu herför Bandaríkjamanna eftir Vietnam; einhverskonar ábekingur að ýmsum óhæfuvörkum innrásarliðsins þar, og þar með dregin óþörf athygli hryðjuverkamanna að Íslandi. Eftir sem áður er herinn á leiðinni burt, varnarsamningur ríkanna orðin tóm, Ísland án loftvarna, því íslenskir ráðamenn afþökkuðu þær þegar þær buðust á vegum Nató um árið, svo vissir sem þeir voru um að Bush væri hrifnari af Davíð Oddssyni en dónanum Rumsfeld - og þyrstur Landhelgisgæslunnar úr sér gengnar af því að dómsmálaráðherra neitaði að trúá því að herinn væri á förum.

Löstum ekki Bandaríkin. Þang- að fóru skyldmennir forfeðra okkar og formæðra og fundu nýtt líf í landi og samfélagi sem hafnaði þeim ekki eins og Ísland hafði gert. Bandaríkin færðu okkur stjórnarskrá sína sem breiddi hugsjónir um lýðrættindi og frelsi út um heiminn og varð ein af forsendum frónsku byltingarinnar. Bandaríkin hafa verið aflstöð hugmynda um frelsi og svigrúm einstaklinganna - þrátt fyrir allt; þaðan hefur breiðst út um heiminn frjálsmannlegt hugarfar um jöfnuð manna. Bandaríkin

færðu okkur Elvis og Louis Armstrong; Faulkner og skýjaklúfana og ípódinn; hamborgarann; T. S. Eliot og Ezra Pound; Kerouac og Bessie Smith; Dylan; seríósið; Mingus og Bogart og Garbo; tyggjó, Chaplin, færbandið, Hemingway og Andrés Önd, Hank Williams, Billie Holiday - og allar hinar tilfinninga- og hugmynda- og hugsjónaveiturnar. En þau færðu okkur líka neysluæði og hamborgararassa; taumlausa auðhyggju, óttaframleiðslukvikmyndir, Kentucky fried chicken og pallbíla, Survivor og Dick Cheney, öfgakristni og rásisma. Bandaríkin færðu okkur margt af því dásamlegasta í menningu 20. aldar og sumt af því skelfilegasta. Nú bendir ýmislegt til þess að ameríska öldin sé ekki að hefjast - eins og mennirnir kringum Bush telja - heldur að henni sé brátt lokið.

Hvað sem því líður þá hlýtur nú að blasa við hversu óeðlilegt það er að vopnlaus smáþjóð setji allt sitt traust á fjarlægja stórþjóð, jafnvel þótt hugsanlegir hagsmunir kunni að virðast fara saman um hríð - það er að segja þeir hagsmunir Bandaríkjamanna að hafa hér eftirlitsstöð og þeir hagsmunir Íslendinga að græða á því. Það má segja að við höfum sloppið furðuvef. En það hlýtur að vera verk þjóðar að sjá sjálf um að verja sig.

Voru Íslendingar og Bandaríkjamenn raunverulegar vinaþjóðir? Óbilgjörn smáþjóð með framréttna löfann, sífellt að ganga á lagið, sífellt með óskammfeilnar og fráleitir hótanir um að ganga á mála hjá óvininum, sífellt að suða um meira, sífellt að selja landið sitt - er slíkt framferði vænlegur grundvöllur sannrar vináttu? Eða vel fallið til að byggja sterka sjálfsmýnd þjóðar? Onei: aukin tengsl við Evrópu hafa á þeim skamma tíma sem liðin er frá inn-göngunni í EES fært Íslendingum meiri velsæld og frjálsræði en áratugalangt sníkjuflíði á ameríska hernum gerði nokkru sinni. Og umfram allt, meira sjálfstraust, meiri vissu um stað sinn í heiminum.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEF.TV



HORFÐU EINSOG PÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir

í stafrænum gæðum á visir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 - prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 - prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

1.3 MegaPixla

Stafræn myndavél innbyggð í skjá



VL15
* Vaxtalaust í 15 mán
10.660

**HEITASTA
FERMINGARVELIN!**
Mest selda ferðavélin í dag,
ótrúlega vel búin og
hlaðin nýjungum

Birt með fyrirvara um breytingar. Innskiðnarvillur og myndbreyngi



DUCE

- Örgjörvi** 1.66GHz Intel Core Duo T2300
Með 667MHz FSB og 2MB flýtiminni
- Minni** 1GB Dual DDR2 533MHz
Einfalt að stækka minnið í 4GB
- Harðdiskur** 80GB 5400RPM SATA
5400RPM SATA harðdiskur
- Skrifari** 8xDVD±RW Slot DL skrifari
Skrifar DVD diska og CD-RW
- Skjár** 15,4" WXGA WideScreen skjár
Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite
- Skjákort** 128MB ATI Radeon X1400
Sjálfst.minni, PCI-E 16X, TV-út
- Hátalarar** Hjóðkerfi með 2 hátölurum
Hjóðkort, hátalarar og hjóðnemi
- Netkort** Gigabit 10/100/1000
Einnig innbyggt 56k mótald
- Þráðlaust** 54Mbps þráðlaust netkort
Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá
- Stýrikerfi** Windows XP Home - SP2
Á íslensku eða ensku
- Annað** Vefmyndavél og kortalesari
Hvoru tveggja innbyggt í tölvu

ACER 5672WLMi 1.66GHz DUO T2300 FERÐAVÉL

INTEL CORE DUO
Intel Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst og vinnslu í mörgum forritum í einu án vandræða



15,4" CRYSTALBRITE
Nýjasti 15,4" WXGA CrystalBrite skjárin, 16ms viðbragðstími með ótrúlegri dýpt og skerpu



8xDVD± SKRIFARI
Super Multi 8xDVD DL geisla-skrifari með Slot Load rauf sem þú stingur diskum beint í



128MB ATI X1400
Nýjasta PCI-E 16X ATI skjákortíð með sjálfstætt 128MB minni og möguleika á 512MB HyperMemory



TENGINGAR
Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 4xUSB2, VGA, DVI, TV-út, PCMCIA, kortalesara ofl.



VEFMYNDAVÉL
1.3 Megapixel Acer Orbicam vefmyndavél innbyggð í skjáinn með 225° snúningsmöguleika



VERÐ 159.900



Vaxtalaust tilboð er miðað við 15 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjöld bætist við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 165.520 og dreifist jafnt yfir samningstímann.

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

PETTA GERÐIST > 20. MARS 1994

Guðmundur meistari í fyrsta sinn

Pennan dag árið 1994 vann Guðmundur E. Stephensen sinn fyrsta Íslandsmeistaratið í borðtennis. Guðmundur var þá aðeins ellefu ára gamall og hefur haft mikla yfirburði í greininni alveg síðan. Þrátt fyrir að tólf ár séu liðin frá fyrsta Íslandsmeistaratið Guðmundar er hann einungis 23 ára gamall og á fullu í borðtennisinum.

Guðmundur hefur unnið alla Íslandsmeistaratiðla í einliðaleik síðan 1994. Alls eru titlarnir í meistaraflokkki karla því orðnir þrettán en hann hefur einnig keppt í öðrum flokkum og orðið næstum því jafn sigursæll. Í



GUÐMUNDUR STEPHENSEN

tvíliðaleik hefur Guðmundur sigrað tólf sinnum og ellefu sinnum í tvenndarleik og hefur því orðið þrefaldur Íslandsmeistari undanfarnin ellefu ár. Tölur segja allt sem segja þarf og Guðmundur sannarlega borðtenniskóngur Íslands. Ísland er þó ekki eina landið sem Guðmundur hefur lagt að fótum sér. Undanfarnin ár hefur Guðmundur dvalist erlendis og spilað borðtennis fyrir félagslið í Skandinávíu ásamt því að taka þátt í mótum á borð við heimsmeistararamótið og Smáþjóðaleikana. Nú um stundir leikur Guðmundur borðtennis með sænska liðinu Malmö FF.

MERKISATBURÐIR

- 1919** Fossafélagið Titan sækir um sérleyfi til að virkja alla Þjórsá. Umsóknin var síðar dregin til baka.
- 1939** Þýsk sendinefnd kemur til landsins og biður um að fá að koma upp flugbækistöð hér á landi. Beiðninni var hafnað.
- 1940** Skáldið Gunnar Gunnarsson sækir Adolf Hitler heim í Berlín. Þeir ræða um málefni liðandi stundar í rúma hálfu klukkustund.
- 1982** Sprenging verður í hreyfli Flugleiðavélar stuttu eftir að hún hóf sig á loft frá Ísafirði. Nauðlenda þurfti á Keflavíkurlugvelli en engin meiðsl urðu á fólki.
- 1991** Ásgeir Hannes Eiríksson heldur stytstu ræðu í sögu Alþingis: „Virðulegi forseti. Álverið risi!“

ISAAC NEWTON (1643-1727)
LÉST PENNAN DAG

„Við byggjum of marga veggj og ekki nóg af brúm.“

Sagan segir að Newton hafi fengið epli í hausinn og uppgötvad þyngdaraflið.



tímamót

tímamot@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, mamma, tengdamma, amma og langamma,
Sigrún Gréta Guðráðsdóttir
Dalbraut 16, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut 9. mars, verður jarðsöngin frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 21. mars klukkan 13.00.

Sigurjón Ágústsson

María Hrund Sigurjónsdóttir

Jafet Óskarsson

Guðræður Jóhann Sigurjónsson

Uunnur Ólöf Sigurðardóttir

barnabörn og barnabarnabarn.



Okkar elskulega frænka og mágkona,
Jóna I. Hansen
dönskukennari, Hraunbæ 90,

verður jarðsöngin frá Neskirkju næstkomandi þriðjudag kl. 15. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Hjálparstarf kirkjunnar.

P. Magnús Nielsson Hansen

Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen

Guðbjörg Nielsdóttir Hansen

Þóroddur G. Hansen

Guðlaug Kristófersdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið tímamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Fróðleikur af gardur.is



Skipstjóri og athafnamaður í Reykjavík:

Ellert Schram

Ellert Kristófer Schram var f. 11. febr. 1865 að Öndverðarnesi í Grímsnesi, sonur Kristjáns G. Schram, bónda og trésmíðs, síðast í Vesturheimi, og f.k.h. Hallbjargar Guðmundsd. Tekinn í föstur í Njarðvíkum, en 1884 réðst hann í vinnumennsku, reri á sexæring á vertíðinni, en á sumrin sendur í róðra á Seyðisfjörð. Lauk prófi frá Stýrimannaskólanum 1889. Réðst sem háseti á kúttur Margréti hjá Geir Zoëga,

síðar á hákarlaskipið Geir. Skipstjóri á kúttur Sigríði hjá Liverpoolverzlun í átta ár, en síðan á kúttur Jósefinu í eigu Geirs. 1905 keypti hann með öðrum kúttur Björgvín; seinna seldu þeir skipið, en Ellert var áfram skipstjóri þar til 1917; fór síðast með það utan til að setja vél í það. Var alls á þilskipum aldarþriðjung, skipstjóri aldarfjórðung. Á hverju skipi voru um 24-26 menn. Lenti sjaldan í lífshásku, enda hafði hann vaðið fyrir neðan sig, t.d. með því að rífa seglin í tíma, áður en ofviðri skylli á. Setti á stofn og rak um áratuga skeið seglasaumastofu með Finni Finnss. skipstjóra. Var og meðstofnandi útgerðarfélag. Njóður hf. Hann var þróttmikill maður og fyrrimannlegur og lézt 96 ára gamall 6. marz 1961. – K.h. (1894) var Magðalena Arnadóttir (1874-1958), en börn þeirra Kristján skipstjóri, Gunnar rítmastjóri, Carl verzlstj., Margrét húsmóðir og Björgvín stórkaupm. (faðir Magdalenu, Bryndísar og Ellerts B. Schram).

Meira um hann á gardur.is

gardur.is

Hægt er að setja inn auðvörð lätinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

EÐVARÐ T. JÓNSSON: FAGNAR NÝJU ÁRI BAHÁ'ÍA

Stórveisla hjá Bahá'íum við föstulok og upphaf nýs árs

Ýmsum kann að þykja skrítíð að í dag halda hundruð Íslendinga upp á nýtt ár. Í Bahá'ía söfnuðinum eru um fjögur hundruð manns en nú við jafndægur á vori lýkur níttján daga föstu og nýtt ár hefst.

„Við upphaf allra mikilvægra trúarbragða hefur verið stofnað til nýrra tímatala. Við á Íslandi miðum okkar ár við fæðingu Krists árið núll og múslimar miða við flótta Múhameðs frá Mekka til Medínu. Við miðum við komu barnsins sem er fyrsti boðberi Bahá'í trúar en hann kom fram í Íran í maí 1844,“ segir Eðvarð T. Jónsson Bahá'í. Á morgun eru því liðin 172 ár frá komu barnsins og árið 172 gengur í garð.

„Bahá'í tímatalið er sérstakt að því leyti að í því eru níttján mánuðir sem hver er níttján dagar,“ segir Eðvarð. Eins og glöggf fólk tekur kannski eftir ná níttján dagar í níttján mánuðum ekki alveg upp í 365 daga ársins. „Þessir nokkru aukadagar eru einskonar Bahá'í jól eða hátíð sem við köllum Ajjam-í-Ha og þýðir í rauninni bara aukadagar. Við héldum upp á fjóra daga nú í febrúar áður en fastan hófst,“ segir hann.

Föstur þekkjast í öllum trúarbrögðum og Bahá'íar eru þar engin undantekning en öfugt við kristna menn fasta Bahá'íar í alvörunni. „Í Bahá'í föstumánuðuðinum má ekki drekka neitt né borða frá sólarupprás til sólarlags.“ Einnig eru reykingar bannaðar enda segir Eðvarð að svo vilji til að á arabísku, sem er upphafsmál Bahá'í trúar, sé sama orðið notað yfir vatn og reyk svo ótvírætt sé að fastan nái líka til reykinga. Sú hefð tókast þó ekki að halda stórkostlegar átveislur við sólarlag hvers dags á föstunni eins og múslimar gera í sínum föstumánuði, Ramadan. „Fólk reynir að gæta hófs í öllu og það er líka alls ekki hollt að borða stóran kvöldverð eftir svona föstu.“ Aðspurður um tilgang föstunnar segir Eðvarð að hún sé andlegur undirbúningur fyrir nýja árið. „Það má líka kalla föstuna eins konar vorhreiðingingu sálarinnar.“

En eins og eftir allar almennilegar



EÐVARÐ T. JÓNSSON Byr sig undir veislu í kvöld þar sem Bahá'íar fagna því að 172 ár eru liðin frá komu barnsins sem var fyrsti boðberi Bahá'ía trúar.

hreiðingur verður haldin veisla í kvöld til að fagna föstulokum og nýju ári. „Veislan er haldin sameiginlega af Bahá'ía samfélögum í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Reykjanesbæ,“ segir Eðvarð en hann býst við milli hundrað og tvö hundruð manns í veisluna, sem hefst klukkan sex. „Við

höfum alltaf haft hátíð í lok föstunnar hér á landi,“ segir hann en í veislunni miklu er boðið upp á góðan mat, skemmtiatriði, bænahald og almenna samveru. Eðvarð segir að samvera sé mjög mikilvæg í söfnuðinum. „Bahá'íar eru mjög félagslyndir og mikið um sameiginlega viðburði.“

AFMÆLI



Valgarður Egilsson lækni og rithöfundur er 66 ára.

Pétur Kr. Hafstein sagnfræðinemi og fyrrum hæstaréttardómari er 57 ára.




Gísli Rúnar Jónsson leikari er 53 ára.

FÆDDUST PENNAN DAG



1828 Henrik Johan Ibsen leikskáld.



1873 Sergey Rachmaninoff tónskáld.



1957 Spike Lee kvikmyndagerðarmaður.



1958 Holly Hunter leikkona.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

Sigurbjörn Ólafsson

rafeindavirkjameistari, Gullsmára 7, Kópavogi,

lést á hjartadeild Landspítalans fimmtudaginn 9. mars. Útförin fer fram frá Digraneskirkju u í dag 20. mars kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélag Oddfellowreglunnar, stúku nr. 1 Ingólfs I.O.O.F., sími 562 2850.

Arnar Sigurbjörnsson

Sigrún Svverrisdóttir


Rafn Sigurbjörnsson

barnabörn og barnabarnabörn.

ÆPANDI LITIR OG RÓMANTÍSKAR LUKTIR

Skærir litir einkenna vorlínu húsgagna- verslunarinnar Línunnar

HÚS 4



allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR

Atlas	19
Ás	12-14
Bífröst	26
Búmenn	19
Draumahús	21-24
Eignastýring	17
Erla Investment	8
FMG fasteignasala	18
Foss	15
Hof	31
Húseign	32
Höfði	30
Lundur	6
Lyngvík	11
Lögmenn Suðurlandi	18
Neteign	25
Nýtt	16
Remax	31,33,35
Remax Kópavogi	36
Remax Mjódd	19
Smárinn	28
Valhöll	10
Viðskiptahúsið	33
X-hús	9



Aðkoma að húsinu er glæsileg og eru tröppur og innkeyrsla upphituð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn
20. mars,
79. dagur ársins 2006.



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.29	13.35 19.43
Akureyri	7.13	13.20 19.28

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is

Stórar svalir og hátt til lofts

Glæsilegt 308 fermetra einbýlishús með tvöföldum bílskúr í Seljahverfinu.

Fasteignamiðlun Grafarvogs er með einbýlishús til sölu á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Samkvæmt Fasteignamati ríkisins er húsið 234,2 fermetrar en óskráð rými er að auki um 74 fermetrar. Húsið stendur í botnlanga og er neðri hæðin að hluta til niðurgráfin.

Á efri hæðinni er anddyri með fataskáp, gestasnyrt-

ing, hol og rúmgóð og björt stofa sem skiptist í setu- og borðstofu. Í stofunni er arinn og er hluti hennar nýttur sem sjónvarpsrími. Frá stofunni er gengið út á stórar svalir sem ná í vinkel og eru með góðu útsýni til suðurs og vesturs. Á hæðinni er einnig eldhús með uppruna- legri innréttingu, þvottaherbergi, þrjú svefnherbergi og baðherbergi sem er flísalagt í hólfi og gólf með baðkari, sturtuklefa og innréttingu með tveimur vöskum. Af svefnherbergisgangi er útgengt á hellulagða lóðina. Íbúðin á neðri hæð er

ósamþykkt og skiptist í anddyri, sjónvarpsherbergi, svefnherbergi, stóra stofu, eldhús með borðkróki, geymslu og baðherbergi með sturtuklefa. Hátt er til lofts í húsinu og eru gólf með parketti og flisum.

Aðkoma að húsinu er glæsileg og lóðin mjög snyrtileg. Hitalagnir eru í tröppum og innkeyrslu og er önnur bílskúrshurðin með rafdrifnum hurðaopnara. Stórar geymslur eru inn af bílskúr og einnig er úti-geymsla undir stigapalli.

Ásett verð er 58,5 milljónir.

Húsnæðisverð í Bretlandi aldrei hærra

HÚSNÆÐISVERÐ HÆKKAR VÍÐAR EN Á ÍSLANDI

Nýleg könnun Rightmove.co.uk sýnir að húsnæðis- verð hefur farið hækkandi í öllum héruðum Englands og Wales og nú er svo komið að í fyrsta skipti er meðalverð á húsi komið yfir 200.000 pund, dýrast í London, tæp 300.000 pund, og ódýrast í norður- héruðum Englands, eða um 150.000 pund. Þetta er 2,7 prósentu hækkun milli mánaða og er einfaldlega útskýrt sem sigilt dæmi um framboð og eftirspurn. Úr færri eignum er að velja á markaðnum og góðar eignir seljast því hraðar en áður.



Fasteignalán


Kynntu þér kostina við fasteignalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Með faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum fasteignalánnum hjálpum við þér að eignast þitt draumaheimili. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Við hjálpum þér
að eignast
draumaheimilið



Rekstrarverkfræðistofan
Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is

Eignaskiptayfirlýsingar
fyrir
atvinnu- og íbúðahúsnæði

Stigar & Handrið
Allar gerðir í tré, stáli og gleri
Heildarlausnir og hagstæð verð
Fjöldi ánægðra viðskiptavina

Verðdæmi:
L - stigar kr. 150.000.-
Hringstigar kr. 240.000.-
Sumarbústaðastigar kr. 30.000.-

Mex byggingavörur
Sími 567 1300 & 848 3215
Lyngháls 3 - www.imex.is

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

TREBA, Q-rolling, TREPPEN, TT

Handriðafittings og glerfestingar

STIGAR
HANDRIÐ

Stigalagerinn
www.stigalagerinn.is s:5641890

GÍTARINN
HEIÐJÓFÆRAVERSLUN

Opð: Mán-Fös: 10-18
Lau: 11-16

Da Capo
Þjóðlagagítar
Poki, Stillitæki, Gítarneglur

Verð Kr. **15.900,-**
Verð áður: 20.590,-

Stórhóla 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Fagmennska og nýjungar í forgrunni

Á sýningunni Verk og vit 2006.

Á sýningunni Verk og vit, sem fram fór um helgina, var megináherslan lögð á fagmennsku, aukna þekkingu og tækninýjungar í byggingariðnaði og mannvirkjagerð. Mjög örur framfarir hafa orðið á þessu sviði undanfarin ár.

Þá voru áhugaverðar nýjungar í íslenski framleiðslu kynntar, auk véla, tækja, hönnunar, ráðgjafar og þjónustu. Skipulagsmál sveitarfélaga skipuðu sérstakan sess þar sem þróun, einstök verkefni og framtíðarsýn voru kynnt.

Íslenskur byggingariðnaður hefur verið í nokkuð stöðugum vexti frá árinu 1998. Veltan var ríflega 116 milljarðar króna árið 2004 en það er rúmlega 23 milljarða króna aukning frá árinu á undan.

Verk og vit 2006 var framhald af Byggingadögum Samtaka iðnaðarins og sýningunni Construct North, sem haldin var í Laugardalshöll í ársbyrjun 2002 á vegum SI og fjölda innlendra stuðningsaðila.

Sýndur voru 98 talsins en þá eru ekki taldir þeir fjölmörgu aðilar sem tóku þátt undir sameiginlegu hatti Samtaka iðnaðarins. Sýningin var hin glæsilegasta í alla staði og bar þar marga forvitnilegt fyrir augu eins og meðfylgjandi myndir sýna.



Bás Iðnskólans í Reykjavík markaði sér mikla sérstöðu með stíl og uppsetningu.



Pólyhúðun er sterk, hagkvæm og umhverfisvæn. Hana má til dæmis nota til að verja klæðningu, stálgrindur og bárujárn, eins og sjá mátti í bás Pólyhúðunar ehf.



Í bás Nýsis mátti sjá líkan af tónlistar- og ráðstefnuhúsinu sem framkvæmdir fara að hefjast við í Austurhöfn.



Þessar skemmtilegu steinhleðslur voru á svæði Mest.



Smellinn hf. sýndi meðal annars þessar forsteyptu veggjeningar. Með þeim tekur 2-3 daga að reisa vegg í 200 fermetra einbýlishúsi.



Húsmiðjan sýndi breitt úrval af vörum sínum, þar á meðal þessar skemmtilegu upplýstu hillur sem fást í mörgum stærðum og með mismunandi viðarköntum.



Þessi fallegi stóll heitir Nostrí og er úr smíðju Sýrussónar. Hann er hægt að fá með leðri eða skinni eins og á myndinni.



Atlantskaup sérhæfa sig í handriðum, stigum og fittings úr ryðfriðu stáli eins og sjást á þessari mynd.



Staðreyndin er sú að það eru mun fleiri hommar og lesbíur í íþróttum en nokkur heldur, en samkvæmt könnunum eru aðeins þrjú prósent þeirra alveg opiníská um kynhneigð sína innan íþróttahreyfingarinnar. Með öðrum orðum þora 97 prósent samkynhneigðra íþróttamanna ekki að greina frá kynhneigð sinni. 64 pró-

sent hafa þorað að segja völdum liðsfélögum frá kynhneigð sinni.

„Íþróttafélögin á Íslandi geta líka tekið til í sínum málum en auðvitað er það erfitt þar sem það er engin fræðsla. Hvernig geta þjálfarar brugðist við sem hafa ekki fengið neinar leiðbeiningar og vita því ekki hvernig skal bregðast við komist þeir að því að iðkandi hjá sér sé samkynhneigður? Það þarf að fræða þjálfara og leiðbeinendur. Það þarf líka að horfa á stóru myndina og byrja á grunninum. Vita til að mynda leikskólakennarar hvernig á að taka á móti börnum samkynhneigðra? Það þarf að fræða þjóðfélagið í heild sinni,“ sagði Klara, sem starfar hjá Knattspyrnusambandi Íslands eins og áður segir. Hún segir breytingar í völdum hvað varðar þjálfaranámskeið hjá sambandinu. „KSÍ stefnir á að taka inn í sín grunnþjálfaranámskeið fræðslu varðandi málefni minnihlutahópa. Það er ekki búið að móta stefnuna en við höfum verið að dreifa bæklingum þar sem meðal annars er talað um knattspyrnu án fordóma.“

Það er ljóst að fordómarnir eru miklir og vandamálið stórt og erfitt viðfangs. Sem dæmi um fordómama hefur það færst í aukana að mæður reyni að setja dætrum sínum stólinn fyrir dyrnar ef þær vilja stunda knattspyrnu, þar sem þær óttast að þær verði lesbíur fyrir vikið. Af gefnu tilefni skal tekið fram að samkynhneigð er ekki smitsjúkdómur.

henry@frettabladid.is

DV

Hefur þú séð DV í dag?

Götulistamaður varð fyrir líkamsárás

Jójó misþyrmt inni á klósetti í miðbænum

Ekið meðvitundarlausum á spítala





BLÓÐTAKA Úr leik HK og Fylkis í bikarkeppninni í fyrrasumar.

Dórður Birgisson fótbrotnin: Mikil blóðtaka fyrir HK-inga

FÓTBOLTI Sóknarmaðurinn Dórður Birgisson hjá HK fótbrotnaði á laugardag gegn Val í Egilshöllinni eftir návgi við Baldur Aðalsteinson. Þetta er gríðarleg blóðtaka fyrir 1. deildarlið HK en Dórður kom til liðsins í vetur frá KS á Siglufirði og hafði skorað tíu mörk í þeim átta leikjum sem hann hafði spilað fyrir HK áður en þetta gerðist.

Samkvæmt heimasíðu HK mun Dórður stíga í fótinn á ný eftir átta vikur, eða um það leyti sem Íslandsmótið hefst, og síðan er batinn eftir það undir því kominn hversu vel gengur í endurhæfingu.

Fyrir stuttu var varnarmaðurinn Árni Thor Guðmundsson seldur frá HK til ÍA og má því segja að liðið hafi misst tvo lykilmenn úr liði sínu á stuttum tíma. - egm

Lið Dags Sigurðssonar:

Sigfir í átt að titlinum

HANDBOLTI Fátt bendir til annars en að Dagur Sigurðsson og lærisveinar hans í austurríska félaginu Bregenz verji titil sinn síðan í fyrra.

Bregenz er á toppnum eftir fjórar umferðir í átta liða úrslita-keppni en liðið lagði West Wien, 24-27, um helgina. Dagur skoraði þrjú mörk í leiknum en var lengstum tekinn úr umferð.



GRÉTAR RAFN Kom inn á sem varamaður.

Grétar Rafn í Hollandi:

Alkmaar í annað sætið

FÓTBOLTI AZ Alkmaar komst upp í annað sæti hollensku fyrstu deildarinnar með því að leggja Feyenoord að velli 1-0 á heimavelli sínum. Georgíumaðurinn Shota Arveladze skoraði eina mark leiksins en Siglfríðingurinn Grétar Rafn Steinsson kom inn á sem varamaður í liði Alkmaar þegar rúmar tuttugu mínútur voru til leiksloka.

Alkmaar hafði sætaskipti við Feyenoord með þessum sigri en PSV Eindhoven er í góðri stöðu í efsta sæti með 73 stig. PSV vann NEC Nijmegen 1-0 á laugardag með marki Farfan. AZ Alkmaar hefur 64 stig en Feyenoord hefur stigi minna. - egm

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS						
17	18	19	20	21	22	23
Mánudagur						

■ ■ SJÓNVARP

- 18.30 **Ensku mörkin** á Sýn.
- 19.10 **Skólahreysti** á Sýn.
- 19.55 **Enski bikarinn** á Sýn. Leikur Man. City og West Ham.
- 21.55 **Ítölsku mörkin** á Sýn.
- 22.25 **Spænsku mörkin** á Sýn.
- 23.25 **HM 2002** á Sýn. Leikur Japan og Belgíu.

Meistaralið Renault heldur upp teknum hætti í Formúlu 1 kappakstrinum:

Tvöfaldur sigur hjá Renault

F1 Ekkert lát er á yfirburðum Renault í Formúlu 1 kappakstrinum en liðið rúllaði upp keppninni í Malasíu í gær þar sem öikumenn liðsins voru í fyrsta og öðru sæti.

Giancarlo Fisichella var á rás-pól og hann hélt forystunni alla keppnina. Eini keppinautur hans í Malasíu var keppnisfélagi hans, Fernando Alonso, en aðrir keppendur voru víðs fjarri. Alonso þjarmaði aðeins að Fisichella um miðjan kappaksturinn en lengra náði það ekki. Jenson Button var þriðji og Juan Pablo Montoya fjórði. Felipe Massa kom fimmti á Ferrari sem er mikið afrek þar sem Michael Schumacher var sjötti á eins bíl.

„Þetta var erfið keppni, bæði líkamlega og andlega. Þetta var tilfinningaþrungin helgi fyrir mig og gott að henni er lokið,“ sagði



FÖGNUBUR Fisichella, Alonso og Flavio Briatore, yfirmaður Renault-liðsins, fagna hér í Malasíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

ÚRSLIT:	
Giancarlo Fisichella	Renault
Fernando Alonso	Renault
Jenson Button	Honda
Juan Pablo Montoya	McLaren
Felipe Massa	Ferrari
Michael Schumacher	Ferrari
Jaques Villeneuve	BMW Sauber
Ralf Schumacher	Toyota
Jarno Trulli	Toyota
Rubens Barrichello	Honda

Fisichella en einn af hans bestu vinum féll frá á dögnum. Alonso sagðist vera mjög sátt-

ur við sinn akstur sem og byrjunina á tímabilinu hjá sér og liðinu. - hbg



BREYTINGAR Valsmenn mæta með töluvert breytt lið í sumar.

Sadio Ba farinn aftur heim: **Valur ákvað að semja ekki**

FÓTBOLTI Valsmenn hyggjast ekki semja við belgíska varnarmanninn Sadio Ba sem hefur verið til reynslu hjá félaginu. Ba, sem er 33 ára, tók þátt í æfingaleik með Val gegn HK á laugardaginn og spilaði ágætlega lengst af leiks en svo gerði hann sig sekan um slæm mistök. Hann hélt heim á leið í gær eftir að hafa verið hjá Valsmönnum í vikutíma.

Valsmenn eru þó enn að líta í kringum sig og leita að erlendum leikmönnum. Liðið hefur misst Bjarna Ólaf Eiríksson og Grétar Sigfinn Sigurðsson úr vörninni frá því í fyrra en fengið Val Fannar Gíslason frá Fylki. Valur Fannar skoraði annað mark Valsliðsins í leiknum gegn HK, sem Kópavogssliðið vann 3-2. - egm

2.0 bsk. kr. 2.390.000
Kr. 25.388 á mánuði*

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublið
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggispúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki

Official Partner

Með bílinn handa þér

Flestum finnst vatnið betra vel kælt

Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.
* Blásamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánabíllur greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

Próttarar búnir að finna arftaka Fjalars Þorgeirssonar:

Ólafur Þór lánaður frá FH í Þrótt

FÓTBOLTI 1. deildarlið Þróttar hefur verið í leit að markverði síðan Fjalar Þorgeirsson, sem varið hefur mark félagsins síðustu ár, var seldur til Fylkis.

Leitinni lauk í gær þegar félagið gekk frá lánssamningi við FH um að fá Ólaf Þór Gunnarsson að láni út næsta sumar. Ólafur Þór er þrautreyndur markvörður sem einnig hefur leikið með Val og ÍA. Ólafur Þór er staddur í Bandaríkjunum en kemur til landsins viku fyrir Íslandsmót. Ekki liggur fyrir

á þessari stundu hvenær hann fer aftur utan. Ólafur ku vera í ágætu líkamlegu formi en eflaust vantar upp á leikformið.

Mikil ánægja er í herbúðum Þróttar með þessi tíðindi og aldrei að vita nema félagið fái fleiri leikmenn að láni frá FH fyrir tímabilið en FH-ingar hafa á sínum snærum her ungra og stórefnilegra leikmanna sem eiga ekki greiða leið í gríðarsterkt lið Íslandsmeistaranna.

- hbg

Njarðvík lagði ÍR í háspennuleik í Seljaskóla

Njarðvík er komið í undanúrslit Íslandsmótsins í körfubolta eftir tveggja stiga sigur, 76-78, gegn ÍR. Njarðvík vann þar með einvígi liðanna 2-0. Skallagrímur er líka komið í undanúrslit eftir sigur á Grindavík í framlengingu.

KÖRFUBOLTI Þrátt fyrir hetjulega baráttu ÍR-inga náðu þeir ekki að leggja Njarðvíkinga að velli í Seljaskóla í gær. Leikurinn var stórskemmtilegur og fullur af baráttu, spennu og dramatík. ÍR var yfir 76-74 þegar 38 sekúndur voru eftir af leiknum en Jóhann Árni Ólafsson jafnaði metinn með tveimur vítaskotum. ÍR fór síðan illa að ráði sínu í næstu sókn og Egill Jónasson náði að skora sigurskorfuna þegar örlitill tími var eftir. Það mátti þó minnstu muna að Fannar Freyr Helgason næði að tryggja ÍR sigurinn með þriggja stiga flautukörfu en boltinn nánast skoppaði upp úr hringnum.

„Þetta var svaka barátta en við vorum klaufar að gera leikinn svona spennandi. Við vorum komnir með þrettán stiga forskot í fyrri hálfleik en misstum þá einbeitinguna. Svo komum við til baka og náðum þessum ljúfa sigri. Við vorum að spila við frábært lið, mikið seiglu. Þeir hittu vel og við þurftum virkilega að hafa fyrir þessu. Ég tek hattinn ofan fyrir ÍR-ingum og þeirra karakt-



ÞAD VAR LAGLEGT Leikmenn Njarðvíkur fögnuðu vel og innilega eftir sigurinn gegn ÍR. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



HVAÐ ERT ÞÚ AÐ RÍFA KJAFI? Það var fast tekist á og oft mátti litlu muna að upp úr syði. Hér á Njarðvíkingurinn Jeb Ivey eitthvað vantalað við leikmann ÍR. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

er,“ sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkinga, eftir leikinn en hann var hæstánægður með að ná að klára einvígið í tveimur leikjum.

Njarðvíkingar byrjuðu leikinn betur í gær og voru 24-16 yfir eftir fyrsta leikhlutann. Í öðrum leikhluta komust heimamenn síðan í gang og náðu að minnka muninn í eitt stig. Þar fór Ómar Örn Sævarsson fremstur í flokki með mikla baráttu og skoraði hann þrettán af sínum 23 stigum í þeim leikhluta. Forysta Njarðvíkinga eftir þriðja leikhlutann var sex stig. Í lokaleikhlutunum komst ÍR í fyrsta sinn yfir þegar Eiríkur

Önundarson skoraði þriggja stiga körfu og staðan var 67-64. Eftir það var jafnt á öllum tölum og lokamínúturnar voru hörkuspennandi eins og áður sagði.

Það var mikil harka og barátta í leiknum og jafnraði við slagsmál í fyrri hálfleik en menn höfðu greinilega gott af því að róa sig aðeins niður í hálfleik.

Með viljann að vopni sýndu ÍR-ingar enga vægð og voru óheppnir að fá ekkert út úr leiknum. Þeirra tímabili er nú lokið en ljóst að liðið er reynslunni ríkari og mætir líklega enn sterkara til leiks næsta vetur.

- egm

Loksins á Playstation 2

The Godfather THE GAME

SMS leikur

Þú sendir SMS sketið **BTC F24** á númerið 1900
Þú svarar spurningu
Þú gætir unnið.
12. hver vinnur.

Aðalvinningur er:
Playstation2 + PSP+24 + The Godfather

Aukavinningar eru:
24 Tölvuleikir • The Godfather tölvuleikir
PS2 stýripinnar • Playstation minniskort
DVD myndir • Varnur tengdur PS2 og tölvuleikjum
Fullt af öðrum tölvuleikjum • Pepsi kippur og margt fleira

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind, Kópavogi.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

Mánudagsveislan
Línuýsa,
lúða, steinbítur.
Mikið úrval fiskrétta.
Saltfiskur,
siginn fiskur

Fiskbúðin Vör Höfðabakka 1
Sími 587-5070 110 Rvk



FÉKK GULT FYRIR FÖGNUMINN Djibril Cisse sendi ástvinum skilaboð eftir að hann skoraði og uppskar gult spjald fyrir athæfið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Liverpool skorar grimmt þessa dagana:

Öruggt gegn Newcastle

FÓTBOLTI Liverpool var ekki í miklum vandræðum með Newcastle á St. James's Park í gær. Peter Crouch og Steven Gerrard komu Liverpool fljótlega í 0-2 en Shola Ameobi minnkaði muninn fyrir hlé.

Vendipunkturinn kom síðan á 51. mínútu þegar Jean-Alain Bounsang, varnarmaður Newcastle, braut á Crouch en dómariinn dæmdi víti og rak Bounsang

af velli. Djibril Cisse skoraði úr vítinu, 1-3, og manni færri og tveim mörkum undir átti Newcastle aldrei möguleika.

„Við spilðum vel og það var gott að skora,“ sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool, eftir leikinn. „Annars er alger bilun hvað það er stutt á milli leikja og maður þarf helst að hafa alla sína bestu menn í þessum leikjum.“ - hbg

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

FULHAM - CHELSEA	1-0
1-0 Luis Boa Morte (17).	
NEWCASTLE UNITED - LIVERPOOL	1-3
0-1 Peter Crouch (10.), 0-2 Steven Gerrard (35.), 1-2 Shola Ameobi (42.), 1-3 Djibril Cisse (52.)	

STADA EFSTU LIÐA

CHELSEA	30	24	3	3	58-19	75
MAN. UNITED	29	19	6	4	58-29	63
LIVERPOOL	31	18	7	6	42-21	61
TOTTENHAM	30	14	10	6	43-28	52
ARSENAL	30	15	5	10	48-23	50
BLACKBURN	30	15	4	11	41-36	49

Ítalska A-deildin

INTERNAZIONALE - LAZIO	3-1
1-0 Figo (37.), 2-0 Recoba (46.), 2-1 Pandev (54.), 3-1 Recoba (72.).	
SAMPDORIA - PALERMO	0-2
0-1 Mutarelli (57.), 0-2 Di Michele (62.).	
UDINESE - AC MILAN	0-4
0-1 Shevchenko (42.), 0-2 Gilardino (61.), 0-3 Shevchenko (65.), 0-4 Seedorf (72.)	

STADA EFSTU LIÐA:

JUVENTUS	30	24	5	1	60-19	77
AC MILAN	30	21	4	5	67-24	67
INTER	30	20	5	5	56-23	65
FIORENTINA	29	18	5	6	51-31	59

Iceland Express-deild karla:

ÍR-NJARÐVÍK	76-78
Stig ÍR: Ómar Örn Sævarsson 23, Theo Dixon 21, Eiríkur Ónundarson 13, Fannar Helgason 9, Sveinbjörn Clausen 7, Ólafur Sigurðsson 3.	
Stig Njarðvíkur: Friðrik Stefánsson 18, Jeb Ivey 16, Brenton Birmingham 14, Guðmundur Jónsson 10, Egill Jónasson 8, Kristján Sigurðsson 6. Njarðvík vann einvígið, 2-0.	
GRINDAVÍK-SKALLAGRÍMUR	73-77
Skallagrímur vann einvígið 2-0. Leikurinn í gær var framlengdur og æsispennandi allan tímann.	

DHL-deild karla:

ÍBV-VALUR	24-24
-----------	-------

STADA EFSTU LIÐA:

FRAM	21	16	2	3609:552	34
HAUKAR	21	16	1	4647:581	33
VALUR	21	14	2	5631:576	30
STJARNAN	21	12	4	5617:578	28
FYLKIR	21	12	2	7581:530	26
HK	21	10	2	9606:591	22
ÍR	21	9	3	9668:645	21
KA	21	8	3	10580:592	19
FH	21	8	2	11577:587	18
AFTURELD.	21	6	4	11529:555	16
ÍBV	21	7	2	12603:648	16

DHL-deild kvenna:

ÍBV-FH	29-23
HAUKAR-VÍKINGUR	31-23
Mörk Hauka: Ramune Pekarskyte 12, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 6, Inga Fríða Tryggvadóttir 4, Guðbjörg Guðmannsdóttir 3, Ragnhildur Guðmundsdóttir 2, Martha Hermannsdóttir 2.	
Mörk Víkings: Hekla Daðadóttir 7, Ásta Agnarsdóttir 6, Anna Arnadóttir 3, Helga Guðmundsdóttir 3, Natasa Damiljanovic 2, Þórhildur Björnsdóttir 2.	

STADA EFSTU LIÐA:

HAUKAR	16	14	0	2	497:414	28
ÍBV	16	13	1	2	419:350	27
VALUR	16	13	0	3	446:369	26
STJARNAN	16	11	1	4	422:367	23



FÓR Á KOSTUM Ramune Pekarskyte skoraði tólf mörk í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Haukastúlkur á toppinn:

Vindlausir Víkingar eftir hlé

HANDBOLTI Víkingsstúlkur mættu ákveðnar til leiks og spiluðu mjög sterka 6-0 vörn með markmanninn Sanjō Gujatoćvic í miklu stuði. Víkingsstúlkur leiddu allan fyrri hálfleikinn misstu þó dampinn í lok fyrri hálfleiks, hálfleikstölur 13-13.

Allt annað Haukalið mætti til leiks í seinni hálfleik sem virtist slá Víkingsstúlkur út af laginu. Haukar skoruðu 6 mörk í röð án þess að Víkingar náðu að svara fyrir sig og í stöðunni 18-13 virtist sigur Hauka aldrei vera í hættu. Helga Torfadóttir varði eins og berserkur og í kjölfarið gengu Haukastúlkur á lagið með Ramune Pekarskyte og Hönnu G. Stefánsdóttur í banastuði. Lokatölur voru 31-23.

„Við vorum með hugann við Valsleikinn sem er í næstu viku, erum búnar að einblína á hann. En það þýðir ekkert því allir leikir eru mikilvægir ef vinna á titilinn,“ sagði Martha Hermannsdóttir Haukastúlka. - eb



EKKI GAMAN AÐ TAPA Jose Mourinho, stjóri Chelsea, var ekki upplitsdjarfur eftir tapið gegn Fulham í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lítil meistaraþragur á leik Chelsea gegn Fulham:

Baráttusigur hjá Fulham

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen var ekki í leikmannahópi Chelsea sem tapaði fyrir Fulham í gær, 1-0. Heiðar Helguson var á bekknum hjá Fulham en lék síðustu mínútur leiksins.

Luis Boa Morte skoraði eina mark leiksins en litlu mátti muna að hann hefði verið rangstæður. Chelsea skoraði mark í leiknum en Mike Dean dómari dæmdi það réttilega af enda handlék Didier Droghba boltann skömmu áður en hann skoraði.

„Þetta var réttur dómur að mínu mati en ég nenni annars ekki að velta mér upp úr þessu því við fengum þrjú stig og það er það eina sem skiptir máli,“ sagði Boa

Morte himinlifandi eftir leikinn.

Mourinho var sammála dómnum en skildi ekki hvernig dómurinn komst að þessari niðurstöðu þar sem hann taldi ekki möguleika á að aðstoðardómurinn hefði séð atvikið. Portúgalinn litríki kom verulega á óvart þegar hann tók Joe Cole og Shaun Wright-Phillips af velli eftir 25 mínútur.

„Þeir voru ekki góðir, við vorum ekki í takti við leikinn og ég þurfti að breyta til. Við vorum verri í fyrri hálfleik en betri í þeim síðari,“ sagði Mourinho en William Gallas fékk að líta rauða spjaldid undir lok leiksins fyrir að traðka á Heiðari Helgusyni.

- hbg

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

ENSKI BIKARINN 8 LIÐA ÚRSLIT

CHELSEA

NEWCASTLE

Í KVÖLD KL. 19:55
Man. City - West Ham

Á MORGUN KL. 19:35
Birmingham - Liverpool

Á MIÐVIKUDAG KL. 19:50
Chelsea - Newcastle

Á FIMMTUDAG KL. 19:50
Charlton - Middlesbrough

besta sætið

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Hello?... Yes. There is a beautiful woman in my bed, and a dead man in my bath.“

Svar:
Jacques Clouseau úr kvikmyndinni The Pink Panther Strikes Again frá árinu 1976.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI SPENNTUR Á PRISON BREAK

Klikkaðir karakterar láta ljós sitt skína

Spennuþátturinn Prison Break er að koma sterkur inn eftir að hafa hikstað svoltið til að byrja með.

Síðasti þáttur var vafalítið sá besti hingað til. Þar átti dóttir ríkisstjórans fótum sínum fjór að launa frá brjáluðum morðhundum og nauðgurum sem gengu lausum hala í fangelsinu. Rafmögnum spennu var frá upphafi til enda og þó svo að aðalsöguhetjan virki ennþá svoltið undarleg á mann, svona rosalega þögul og svipbrigðalaus, virkaði þátturinn feykivell.

Aukapersónurnar leggja líka sitt af mörkum. Gleymda stjarnan Stacy Keach stendur sig vel sem fangelsisstjórnin auk þess sem hinn sænski Peter Stormare, sem er hvað effirminnilegastur sem annar af brjáluðu mannræningjunum í Fargo, er eins skemmti-



PRISON BREAK Þátturinn Prison Break er sífellt að verða betri og betri.

lega klikkaður og alltaf.

The Apprentice með Mörthu Stewart er einnig að gera góða hluti. Einn náungi þar telur reyndar að hann sé að keppa í Survivor því hann gerir í því að grafa undan þeim sem ógna honum hvað mest. Fyrir vikið er hann vafalítið hataðasti maður þáttarins. Einhvern veginn hefur honum þó tekist að halda sér inni en kannski fær hann reisupassann næst.

Það væri þó sjónarsviptir af honum því svona persónur gera ekkert annað en að hressa upp á hlutina. Þörfin fyrir vondu kallana er alltaf fyrir hendi því svo margir sjónvarpsáhorfendur elska að hata svona karaktera. Vonandi stendur kauði undir nafni í næsta þætti, eða þáttum.

▶ 21.10
Heimildamynd
DE GLÖMDA BARNEN – BOLIVIA

▶ 20.05
Drama
GREY'S ANATOMY

▶ 21.00
Keppni
AMERICAN IDOL

▶ 22.00
Spenna
C.S.I.

▶ 19.55
Fótbolti
ASTON VILLA / MAN. CITY – BOLTON / WEST HAM

SKJÓLVARPIÐ

SKJÓLVARPIÐ

SIRKUS

SKJÁREINN

SKJÁREINN

15.35 Helgarsportíð 16.00 Ensku mörkin 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Myndasafnið 18.01 Gurra grís (41:52) 18.06 Búi! (5:26) 18.16 Lubbi læknir (3:52)

6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Veggfóður 12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi

7.15 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e) 8.45 Fasteignasjónvarpið (e)

16.00 Game tívi (e) 16.05 One Tree Hill (e) 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

18.00 Íþróttaspjallið 18.12 Sportíð

18.30 Eyðimerkurlið (3:6) (Serious Desert) 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós 20.25 átta einfaldar reglur (76:76) (8 Simple Rules) Bandarísk gamanþáttaröð. 20.50 Síðasti bærinn Stuttmynd eftir Rúnar Rúnarsson um gamlan bónda sem býr með konu sinni í afskekktum dal. ▶ 21.10 Gleymdu börnin í Bólívu (De glömda barnen – Bolívia) Heimildamynd um SOS-barnaþorp í Bólívu. 22.00 Tíufréttir 22.25 Lífsháski (33:49) (Lost II). Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

2005 13.05 Home Improvement 13.30 Just Visiting 14.55 Osbourne 15.20 Eldsnögg með Jóa Fel IV 16.00 Shoebox Zoo 16.25 Stróri draumurinn 16.50 Yoko Yakamoto Toto 16.55 Kyrin Kolla 17.05 Froskafjör 17.15 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 The Simpsons 15

18.30 Fréttir NFS 19.00 Ísland í dag 19.30 Fashion Television Nr. 19 20.00 Friends (19:24) 20.30 Kallamir Það eru þeir Gillzenegger og Party-Hans sem taka hina ýmsu karlmenn úr þjóðfélaginu og markmiðið er að breyta þeim í hnakka.

19.00 Cheers 19.25 Fasteignasjónvarpið 19.30 Malcolm in the Middle (e) 20.00 The O.C. Marissa leitir til nýju vina sinna til þess að fá ráð hvernig hún eigi að leysa vandamál hennar og Ryan. Charlotte býður Julie svoltið sem að hún getur ekki hafnað.

18.30 Ensku mörkin Mörkin og marktækifærin úr enska boltanum, næst efstu deild. 19.10 Skólahreysti 2006 45 grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu keppa í Skólahreysti.

18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag 19.35 Strákarnir ▶ 20.05 Grey's Anatomy (20:36) Christina á mjög erfitt með að sýna sjúklingi sínum samúð en sáer fangi sem vann sjálfum sér skaða til að losna úr einangrun. 20.50 Huff (6:13) Huff hefur miklar áhyggjur af Teddy, erfiðasta skjólstæðingi hans, semhverfur í vettvangsferð með deildinni sinni. Bönnuð börnum. 21.45 The Apprentice – Martha Stewart (3:14). 22.30 Derek Acorah's Ghost Towns (4:8) Nýir draugarannsóknarþættir þar sem miðillinn snjalli Derek Acorah heldur áfram þar sem frá var horfið.

▶ 21.00 American Idol 5 (20:41) (Bandaríska stjórnuleitín 5) (Vika 9 – #521/522 – Final 12 perform) Nú eru einungis 12 eftir og keppnin harðnar með hverjum þættinum. 22.30 American Idol 5 (21:41) (Bandaríska stjórnuleitín 5) (Vika 9 – #521A/522A – Results Show. 12 to 11) Einn sendur heim af þessum 12.

21.00 Survivor: Panama Í þessari 12. þáttaröð af Survivor verður haldið á ægifagrar slóðir og leikið eftir nýjum reglum. ▶ 22.00 CSI 22.50 Sex and the City – 4. þáttaröð

▶ 19.55 Enska bikarkeppnin (Aston Villa/Man. City – Bolton/West Ham) Bein útsending frá 8. liða úrslitum í enska bikarnum. 21.55 Ítölsku mörkin (Ítölsku mörkin 2005-2006) Öll mörkin, flottustu tilþrifi og umdeildustu atvikin í Ítalska boltanum frá síðustu umferð. 22.25 Spænsku mörkin Síðasta umferð í spænska boltanum eru gerð ítarlega skil.

23.10 Spaugstofan 23.35 Ensku mörkin 0.30 Kastljós 1.30 Dagskrárlok

23.20 Meistarinn 0.10 Prison Break (7:22) (Bönnuð börnum) 0.55 Rome (8:12) 1.45 Blue Crush 3.25 Pandaemonium 5.25 Fréttir og Ísland í dag 6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

23.00 Smallville (e) 23.45 Idol extra 2005/2006 (e) 0.15 Friends (19:24) 0.40 Kallamir (e)

23.20 Jay Leno 0.05 Boston Legal (e) 0.55 Threshold (e) 1.45 Cheers (e) 2.10 Fasteignasjónvarpið (e) 2.20 Östðvandi tónlist

22.55 Stump the Schwab (Veistu svarið?) 23.25 HM 2002 endursýndir leikir 1.05 Enska bikarkeppnin (Aston Villa/Man. City – Bolton/West Ham)

STÖÐ 2 BÍÓ

OMEGA

E! ENTERTAINMENT

AKSJÓN

ENSKI BOLTINN

6.00 The John F. Kennedy Jr Story 8.00 Miss Lettie and Me 10.00 How to Kill Your Neighbor's Dog 12.00 It Runs in the Family 14.00 The John F. Kennedy Jr Story 16.00 Miss Lettie and Me 18.00 How to Kill Your Neighbor's Dog 20.00 It Runs in the Family 22.00 Blind Horizon (Blínduð fortíð) Fantagóður spennutryllir með Val Kilmer. Stranglega bönnuð börnum. 0.00 Hard Cash (Str. b. börnum) 2.00 Barbershop (B. börnum) 4.00 Blind Horizon (Str. b. börnum)

Dagskrá allan sólarhringinn.

12.00 The E! True Hollywood Story 14.00 101 Most Awesome Moments in Entertainment 17.00 101 Most Awesome Moments in Entertainment 18.00 E! News Special 18.30 Heartthrobs & Heartbreakers Gone Bad 19.00 E! News Weekend 20.00 The E! True Hollywood Story 21.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 22.00 Dr. 90210 23.00 Gastineau Girls 23.30 Gastineau Girls 0.00 E! News 0.30 Heartthrobs & Heartbreakers Gone Bad 1.00 Dr. 90210 2.00 The E! True Hollywood Story

Fréttátturinn Korter er sýndur kl. 18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

7.00 Helgaruppgjör (e) 8.00 Helgaruppgjör (e) 14.00 Blackburn – Middlesbrough frá 18.03 16.00 Newcastle – Liverpool frá 19.03 18.00 Prumuskot 19.00 Stuðningsmannátturinn „Liðið mitt“ (e) 20.00 Fulham – Chelsea frá 19.03 22.00 Að leikslökum 23.00 Prumuskot (e) 0.00 Birmingham – Tottenham frá 18.03 2.00 Dagskrárlok

MÚSIKTILRAUNIR 2006

tónlistarhátíð 20.-31. mars

undankvöld 20. 21. 22. 23. og 24. Mars í Loftkastalanum - Verð kr. 700.-

úrslitakvöld Föstudaginn 31. Mars í Loftkastalanum - verð kr. 1000.-

Tónleikarnir hefjast kl. 19.00 - Miðasala hefst kl. 18.00

tryggðu þér aðgangspassa

Gildir á öll undankvöld og forkaupsrétt á úrslitakvöld. 2500 kr. Sala hefst Mán. 20. mars kl. 16 í Loftkastalanum.

www.musiktilraunir.is

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

American Idol 5

Stöð 2, kl. 21.00

Hvern ætli Simon Cowell leggi í einelti í kvöld?

Tólf manna úrslit í kvöld

Nú eru einungis tólf keppendur eftir í bandarísku stjórnuleitinni, sex stelpur og sex strákar. Dómarar eru sem fyrr þau Simon, Paula og Randy en ávallt er gaman að fylgjast með þeim dæma þessa ungu, hæfileikaríku söngvara. Ekki missa af því í kvöld þegar einn keppandi þarf að gefa drauminn upp á bátinn um að vera næsta stjarna bandaríska poppsins á meðan hinir keppendurnir fá tækifæri til að sanna sig í næsta þætti.



■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

9	6	4	5	3	7	2	8	1
7	2	1	4	6	8	9	5	3
5	3	8	1	2	9	6	7	4
6	4	9	8	7	5	3	1	2
3	8	7	2	1	4	5	6	9
1	5	2	3	9	6	8	4	7
8	1	5	9	4	2	7	3	6
4	9	6	7	8	3	1	2	5
2	7	3	6	5	1	4	9	8

		5				1		
	7		8		2		9	
6		2				4		7
			3		6			
	6			2			1	
			7		9			
3		1				9		2
	2		9		8		4	
		9				3		



▶ 21.10
Fréttir

60 MINUTES



7.00 Ísland í bitíð 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttfréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisd - fréttaviðtal. 13.00 Íþróttir/lífstill 14.00 Hrafnáþing/Miklabraut 15.00 Fréttavaktin eftir hádegi

18.00 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/Íþróttir/veður

19.45 Brot úr dagskrá

20.00 Fréttir

20.10 Silfur Egils Umræðubáttur í umsjá Egils Helgasonar.

21.00 Fréttir

▶ 21.10 60 Minutes Framúrskarandi fréttabáttur sem vitnað er í.

22.00 Fréttir Fréttir og veður

22.30 Hrafnáþing/Miklabraut Hrafnáþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafn Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/Íþróttir/veður 0.15 Fréttavaktin fyrir hádegi

3.15 Fréttavaktin eftir hádegi 6.15 Hrafnáþing/Miklabraut

RÁS 1 FM 92,4/93,5



7.05 Morgunvaktin 9.03 Laufskálinn 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Vitt og breitt 14.00 Fréttir 14.03 Útvarpsagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Í þágu íbúanna 17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.05 Söngvamáll 21.00 Hugsað heim 22.15 Lestur Passíusálma hefst 22.22 Úr tónlistarlífinu

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

RÁS 2 FM 90,1/99,9



6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútlit Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlit

18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Ungmennafélagið 21.30 Konsert 22.10 Popp og ról

BYLGIJAN FM 98,9



5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bitíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

AÐRAR STÖÐVAR

- FM 90,9 TALSTÖÐIN
- FM 99,4 ÚTVARP SAGA
- FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin
- FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit
- FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni
- FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
- FM 105,5 Útlit Boðun / Kristlegt efni
- FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum
- FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni
- FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
- FM 104,5 Rádió Reykjavík / Tónlist og afþreying

Fermingatilboð 2006

Besta gjöfin sem hægt er að gefa unglingi **er góður svefn**

Þú gætir unnið!
Þegar fermingagjöf er keypt hjá okkur, fer nafn fermingabarnsins í pott. Fimm heppin fermingabörn verða **ipod nano** ríkari þegar dregið verður föstudaginn 5. maí. Nöfn vinningshafa verða birt á www.lystadun.is.

Heilsurúm með tvöföldu fjaðrakerfi
Verð frá: **kr. 30.320** (80 x 200 cm)

Glæsileg tilboð í mjúku deildinni.
Mikið úrval af sængum, heilsukoddum, rúmfatnaði og öðrum fylgihlutum.

LYSTADÚN
Marco

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500
Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504
Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

Opið virka daga: 10–18 og laugard. 11–16



HRÓSIÐ

...fær Ingólfur Guðbrandsson ferðafrömuður fyrir að kenna Íslendingum að ferðast með stæl.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 hljóðfæri 6 í röð 8 skarð 9 með öðrum orðum 11 tveir eins 12 framvegis 14 umfang 16 tveir eins 17 beita 18 for 20 á líðandi stundu 21 traðkaði.

LÓÐRÉTT

1 þurrka út 3 klukka 4 líkamlegt afl 5 kraftur 7 tíginn 10 maðk 13 óhreinka 15 faðmlag 16 hola 19 holskrúfa.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 túbá, 6 fíg, 8 róf, 9 móð, 11 ll, 12 áttm, 14 umtak, 16 gg, 17 agn, 18 aur, 20 nú, 21 tvö.
LÓÐRÉTT: 1 álmá, 3 úr, 4 bolmgagn, 5 afh, 7 góf-ugur, 10 orm, 13 aia, 15 knús, 16 gat, 19 ró.

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

EDA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

Upplýsingar í síma 580 2625
Textavarp: Stöð 2 • 150-163
RÚV • 281, 283 og 284

LOTTO

Vinningstölur laugardaginn 18.3.2006

2 16 18 37 38

Einfaldur 1. vinningur nk. laugardag

Bónustala 25

Jóker 6 3 2 1 7

Fyrsti vinningur ekki gekk út.

VÍKINGA

LOTTO

Allt af miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 15.3.2006

Áðaltölur 22 34 35 39 44 46

Bónustölur Ófurlata 11 21 31

Einfaldur 1. vinningur nk. miðvikudag

Jóker 7 0 7 3 1

Fyrsti vinningur gekk ekki út.

SÉRFRÆÐINGURINN SIGURÐUR P. RAGNARSSON VEÐURFRÆÐINGUR FAGNAR VORKOMU Í DAG



Vorið í landi birtunnar

Vorið kom í dag, segir almanakið, enda vorjafndægur.

„Jörðin snýst um snúningsás sem kallast möndull og það sem gerist á vorjafndægum er að halli mönduls er jafn í átt að sólu og frá henni, eða alveg mitt á milli. Þess vegna eru dagur og nótt jafnlöng á vorjafndægum, en strax á morgun hallast snúningsásinn enn meir að sólu og daginn lengir enn meir,“ segir Sigurður P. Ragnarsson veðurfræðingur, sem margir þekkja sem Sigga Storm.

„Vorið kom vissulega í dag, en í veðurfarslegum skilningi er engu að treysta. Vorið mun reyndar hefjast með niðurdýfu í hita og vikan verður köld, en ef við horfum á þjóðtrúna ætti vorið allt að verða með harðara móti, bæði kalt og hryssingslegt,“ segir Sigurður og vísar til þjóðtrúar sem tengist Gvendardegi 16. mars og veðri á góu.

„Til að vorið verði gott þarf góa að vera vindasöm, en hún hefur verið nánast vindlaus. Þjóðtrúin segir að þeim mun verða sem veðrið er á Gvendardag verði vorið mildara, en þann 16. mars var 14 stíga hiti á Akureyri og 10 stig í Reykjavík; logn, sól

og einmuna veðurlíða. Ef við leggjum þetta tvennt saman, auk votviðrasams þorra, bendir allt til þess að vorið verði okkur kalt og stirt,“ segir Sigurður, sem þó vill kalla tímarn framundan vor, enda er sumardagurinn fyrsti þann 20. apríl.

„Ef við ætlum að hafa vor á Íslandi verðum við að skilgreina það og gefa því tíma, eins og almanakið segir til um, jafnvel þótt bæði geti snjóað á vorinu og fram á sumar,“ segir Sigurður, sem telur ósanngjarn að kalla Ísland land myrkursins.

„Á ársgrundvelli erum við með miklu fleiri birtustundir en mörg ríki sunnar í álfunni, og meðal annars með 270 fleiri sólarstundir en Ítalí, en þar er birtan jafnari yfir árið. Hér er skipting birtu og myrkurs mun ójafnari en syðra, sem gerir að verkum að mönnum finnst vetrarmyrkið þrúgandi, en vitund okkar og skap ræðst mjög af birtuskilyrðum. Í desember eru sólskinsstundir í Reykjavík að jafnaði tólf, meðan þær eru fimmtíu í Danmörku og 190 á Spáni. Ég vil meina að meðalhófið sé best, en því miður lifum við í öfgunum á báðar áttir.“



LARS BRYGMANN Leikur íslenskan bónda í kvikmyndinni Kaldri slóð sem nú er verið að taka upp í leikstjórn Björns Brynjólfs Björnssonar.

LARS BRYGMANN: LEIKUR ÍSLENSKAN BÓNDA

Íslendingar eru hörkutól

Danski leikarinn Lars Brygmann var staddur hér á landi til að leika í íslensku spennumyndinni Köld slóð sem Björn Brynjólfur Björnsson leikstýrir. Fer hann með hlutverk íslensks bónda á sjötta áratugnum en vildi ógjarn gefa meira upp um hlutverkið. „Það er eiginlega hálfgerð leyndarmál,“ sagði Brygmann en upplýsti þó að hann hefði ekki fengið að segja neitt. Þegar Fréttablaðið náði tali af Lars var hann kominn heim í vetrarhörkurnar í Charlottelund sem er rétt fyrir utan Kaupmannahöfn. „Það er snjór hérna og frost,“ útskýrir hann og veðurlíðan hér á fróni kom honum augljóslega á óvart. „Veðrið þar minnti miklu meira á vor en vetur.“

Lars Brygmann er meðal virtustu leikara í Danmörku og hefur

leikið í kvikmyndum á borð við Lesið í snjóinn eftir Bille August og Festen eftir Thomas Vinterberg. Íslenskir sjónvarpsáhorfendur ættu að kannast við hann úr þáttunum Taxa og Rejseholdet sem báðir voru sýndir við miklar vinsældir í Ríkissjónvarpinu. Lars dvaldist hér í þrjú daga og var á leiðinni til Taílands í sextán daga frí. Hann var meira eða minna uppi á fjöllum en bar Íslendingum vel söguna. „Kvikmyndagerð á Íslandi er ekkert svo frábrugðin þeirri dönsku. Íslendingarnir eru reyndar meiri hörkutól, eru komnir á fætur klukkan fimm á morgnana og vinnudagurinn er mun lengri,“ segir Lars sem var þó ekkert að kveinka sér.

Lars segir að danskt kvikmynda-fyrirtæki hafi haft samband við sig og spurt hvort hann vildi leika í

íslenski kvikmynd. „Ég var ekkert að leita eftir því en það um að fá að sjá handritið sem mér leist mjög vel og sló því til,“ útskýrir Lars þegar hann er spurður af hverju Ísland. „Ég hafði aldrei komið til Íslands áður og vissi ekkert um landið en ferðin varð mun meira spennandi fyrir vikið,“ bætir hann við. Lars langar til að heimsækja landið aftur að sumrinu til með fjölskyldu sinni. „Mér gafst reyndar ekki tími til að skoða mikið en það sem ég sá var mjög heillandi.“

Fram undan hjá leikaranum danska er hlutverk í stuttmynd sem fer í tókur um leið og hann kemur heim. „Í ágúst reikna ég svo með því að taka þátt í stórrí danskri kvikmynd en get ekki sagt neitt meira um hana því vinnslan er enn á frumstigi.“ freyrgjia@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Jóhanna Kristjónsdóttir er nýkomin heim frá Íran þar sem hún fór fyrir 19 manna hópi Íslendinga úr Vínáttu- og menningarfélagi Miðausturlanda. Hópurinn ferðaðist vítt og breitt um landið í tvær vikur og mun vera fyrsti hópur íslenskra ferðalanga sem fer í skipulagða Íransferð.

Jóhanna ætlar ekki að láta hér við sitja og dagana 23. og 30. mars stendur hún fyrir námskeiði um Íran síðastliðin 100 ár. Í fyrri tímanum ræði hún valda-hlutföllin í landinu í kringum aldamótin 1900 og uppgang Reza Pahlaví sem kollvarpaði Qajar-veldinu. Seinni tíminn fer svo í Íran eftir 1979, valdatíma Khomeinis, stöðu kvenna í landinu og fleira. Skráning í námskeiðið er hafin hjá Mími - símenntun en fjöldi nemenda er takmarkaður við 25 manns.



Jónas Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóri DV, gefur ekki mikið fyrir yfirlysing Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra um að sá síðarnefndi hafi átt von á brotthvarfi hersins af Miðnesheiði, enda virtust tíðindin koma sem blaut tuska framan í íslenska ráðamenn í síðustu viku. „Halldór Ásgrímsson segist hafa grunað um nokkurt skeið, að herinn mundi fara. Honum er sama, þótt næsta spurning sé,“ af hverju léstu fólk þá ekki vita.“ Hann segist hafa talað utan um það á miðstjórnarfundum Framsóknar. Þar var enginn nógu vel vakandi til að hlusta. Halldór þjáist mest af áhyggjum af að vera sakaður um að vita ekki, hvað gerist kringum hann. Þess vegna bregst hann við eins og gamall samstarfsmaður minn gerði alltaf. Til dæmis þegar ég sagði: „Það er ljós á bilnum þínum úti á pláni.“ Þá sagði hann „Ég vissi það,“ segir Jónas á heimasíðu sinni www.jonas.is.



- þþ

Músíktílaunir hefjast í kvöld

Músíktílaunir Hins hússins og Tónabæjar hefjast í kvöld klukkan sjö en að þessu sinni fara þær fram í Loftkastalanum. 51 hljómsveit af öllum stærðum og gerðum mun berjast um sigurinn en þriðjungur þeirra kemur utan af landi.

Verðlaunin að þessu sinni eru vegleg því sigurljómsveitin hlýtur tíma í upptökuveri Sigur Rósar og fær auk þess með sér upptökustjóra en það er nýbreytni frá því í fyrra. Einnig geta hljómsveitir unnið sér inn miða á rokkhátíðina Reykjavík Rocks auk þess sem fulltrúi FÍH velur bestu hljóðfæraleikaranna og söngvarann.

Að sögn Þórhalls Jónssonar, verkefnisstjóra Músíktílauna, er undirbúningurinn í góðum farvegi og var allt að smella fyrir fyrsta kvöldið. Í mörg horn er að líta fyrir slíka keppni enda hafa sigursveitirnar verið áberandi í tónlistarlífi landsins og nægir þar

að nefna Maus og Jakobínarínu en hún er einmitt stödd í Texas á SXSW-rokkhátíðinni. „Þetta er líklega stærsti viðburðurinn í starfi Hins hússins,“ segir Þórhallur en sá háttur verður hafður á að áhugasamir geta keypt sér passa sem gildir á öll fjögur undanúrslitakvöldin og hafa handhafar hans forgang á úrslitakvöldið sem haldið er föstudaginn 31. mars.

Þórhallur leggur mikla áherslu á að Músíktílaunirnar séu fjölskylduhátíð enda er það töluverð upplifun fyrir foreldrana að sjá krakkana sína spila í fullkomnu hljóðkerfi. „Þeir sem hafa lagt leið sína á keppnina hafa yfirleitt skemmt sér konunglega,“ bætir hann við. Sérstök dómnefnd mun velja eina hljómsveit áfram öll undanúrslitakvöldin en salurinn kys sína.

Á úrslitakvöldinu hefur dómnefndin sjötíu prósent vægi en salurinn þrjátíu.



JAKOBÍNARÍNA Hafnfirka rokkveitin fagnaði sigri í fyrsta og er nú stödd á SXSW-rokkhátíðinni sem haldin er í Texas.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Fartölva

sem kaupauki með tölvutilboði BTnet!



4Mb/s
Tölvutilboð

ADSL V16

V16 Tölvutilboð

- Kaupauki : *Fartölva*
- Hraði: 4Mb/s.
- Ótakmarkað niðurhal
- Gjafabréf frá [Tónlist.is](http://Tonlist.is)
- Logitech Vefmyndavél fylgir með
- 256MB USB Minnislykill fylgir með!
- 5 pósthöng innifalin
- Frítt í bió á BTnet.is
- Afnot af þráðlausum beinir án endurgjalds

5.990 kr.* á mánuði



*M.v. 36.mánaðar samning

Kíktu í næstu BT verslun og taktu áskrift
...og fáðu tölvu sem kaupauka!

Gríptu tölvuna meðan hún gefst ;)



...taktu fleiri bita!

BTnet
nánar á www.btnet.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaeyðsla: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!
FRÁ 199,-
LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

...GERÐU BESTU KAUPIN ▶



BAKÞANKAR

ÞRÁINS BERTELSSONAR

Saga af íslenskum her

Þjörn Bjarnason dómsmálaráð-hera er - merkilegt nokk - ekki fyrsti maðurinn sem hefur fengið þá hugljómun að stofna íslenskan her því að árið 1853 kom hingað annar snillingur og tók við sýslumannsembætti í Vestmannaeyjum. Hann hét Andreas August von Kohl og hafði verið höfuðsmaður í danska hernum og lét það verða sitt fyrsta verk eftir að hann kom til Eyja að stofna þar herflokk, nokkurs konar sérsveit, sem stundaði heræfingar af miklu kappi. Einnig stofnaði hann ungliðahreyfingu, nokkurs konar von Kohl-æsku, til að herða ungar sálir. Þegar þetta gerðist voru aðeins 230 ár liðin frá Tyrkjaráninu og höfðu margir illan bifur á múhameðstrúarmönnum.

LANDVARNIR þessa herliðs skiluðu glæstum árangri. Eitt sinn fékk von Kohl boð um að grunnsamlegt skip væri á leið til hafnar í Eyjum og svaraði engum flaggmerkjum frá varðliðum á Skansinum. Generállinn klæddi sig upp úr rúminu í hveli og tók við stjórn hersins. Skipverjum á hinum ókunna farkosti leist ekki á blikuna þegar birti og þeir sáu vígbúnaðinn í landi og undu upp segl og sigldu í ofboði burt frá Vestmannaeyjum. Var þetta fyrsti og eini sigur sem íslenskt herlið hefur unnið í styrjaldarsögu heimsins, ef frá eru talin frægðarverk íslenskra hermanna í afgönskum teppaverslunum.

AF HINU ÓÞEKKTA SKIPI er það að segja að því var haldið til hafnar í Reykjavík. Þetta var skosk fiskidugga og höfðu skipverjar orðið uppiskroppa með vatn út í viskíð sitt og ætlað að kaupa bland í Vestmannaeyjum. Sögðust Skotarnir ekki hafa kynnst því líkum móttökum annars staðar.

ÍSLENSKI HERINN í Vestmannaeyjum fagnaði meintum sigri sínum yfir fiskiduggunni bæði vel og lengi og söng við raust hersöng sinn sem segir allt sem segja þarf um íslenska hermennskudrauma:

„Við skulum sýna að ljúft oss er að láta líf og blóð.
Hina aðra vesla menn sem voga ekki með við skulum vernda voða frá og varna við ófrið.
Sjöttíu saman við erum sérlegt hjálparlið.
Húrra! Húrra! HÚRR!“ ■



NISSAN MICRA

MICRA FYRIR MJÚKA MENN!

Nissan Micra

Verð frá 1.360.000 kr.

6 diska geislasplari, lykjalaua, sjálfvirkar rúðupurrkur.



MICRA er betra!

*Mánaðarleg greiðsla 16.367 kr. miðað við 20% útborgun og bílasaming í 84 mánuði

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt

Selfossi 482 3100

Njarðvík 421 8808

Akranesi 431 1376

Höfn í Hornafirði 478 1990

Reykjavíki 474 1453

Akureyri 461 2960

FRÁBÆRAR FERMINGARGJAFIR



Pioneer

Pioneer Heimabíóstæða DCS232
360 W Magnari (5x60 W) RMS
Tilboðsverð: 29.900



JAMO iPod Hátalarar & tengikvi
Tilboðsverð: 33.900



FYRIR IPOD

RÁDIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

OLYMPUS



Olympus FE 115
5 milljón pix.
Stafræn myndavél
Taska, hleðslutæki
og hleðslurafhlaða fylgir

Tilboðsverð: 12.900

ORMSSON

SMÁRALIND SÍÐUMÚLA 9